

---

*Deiliskráning í Þingey og Skuldapíngsey,  
Skjálfandafljóti*

---



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Kristborg Þórsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Garðar Guðmundsson og Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

---

FS617-16121  
Fornleifastofnun Íslands ses.  
Reykjavík  
2016



*Forsíðumyndin er tekin til vesturs af Fljótshéiði, yfir þing 272b:001 í Þingey. Myndina tók Kristborg Þórsdóttir.*

© Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)

## Efnisyfirlit

SAMANTEKT .....	5
1. INNGANGUR .....	7
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF .....	9
3. FORNLEIFASKRÁ .....	11
SP-268 Fossel .....	13
SP-272b Þingey .....	19
4. NIÐURSTÖÐUR .....	39
Skuldaþingsey .....	40
Þingey .....	42
HEIMILDIR .....	44
Óútgefnar heimildir: .....	45
VIÐAUKI I: HNI TASKRÁ Í ISN93 .....	46
VIÐAUKI II: MINJAKORT .....	47





## Samantekt

Við deiliskráningu á vegum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga í Þingey og Skuldaþingsey voru samtals skráðir 28 minjastaðir. Allir minjastaðirnir, fyrir utan þá sem eru í Skjálfandafljóti (vöð og sögustaðir) voru metnir í hættu vegna fyrirhugaðra breytinga á nýtingu eyjunnar. Í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaðanna. Í mörgum ef ekki öllum tilfellum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska fornleifum ef til framkvæmda kemur. Minjastofnun Íslands mun veita umsögn um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.


- A) Skuldaþingsey er um 75 ha að stærð og þar voru skráðir sjö staðir. Þingbúðirnar eru umfangsmestu minjarnar þar en þær eru 30 talsins. Aðrir minjastaðir á eyjunni tengjast fremur útbeit en þinghaldi við fyrstu sýn. Heimildir geta um nýtingu eyjarinnar til beitar í gegnum aldirnar og því ekki ólíklegt að einhver ummerki þess sjáist. Einnig eru í Skuldaþingsey tvær vörður sem gætu tengst samgöngum eða viðveru manna í eyjunni.
  
- B) Þingey er um 550 ha að stærð og þar voru samtals skráðir 22 minjastaðir. Umfangsmestu minjarnar eru á þingstaðnum en þar voru skráð 20 mannvirki. Í Þingey eru minjar allt frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar allt fram á 19. öld. Flestar minjarnar í Þingey, að þinginu undanskildu, eru tengdar býli sem var þar á 19. öld og samgöngum en leiðir hafa einnig legið yfir eyjuna á nokkrum stöðum svo vitað sé.



## 1. Inngangur

Í sumarbyrjun 2016 var gert samkomulag milli Fornleifastofnunar Íslands ses. og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga um deiliskráningu í Þingey og Skuldaþingey. Eyjarnar hafa verið heimsóttar nokkrum sinnum í gegnum tíðina af fræðimönnum án þess að þær hafi verið skoðaðar í þaula og hvaða aðrar minjar er þar að finna. Alls var úttektarsvæðið rúmlega 620 ha og fundust þar 28 minjastaðir.

Skráningin fór fram seinni hluta júnímánaðar og viðraði vel til vettvangsrannsókna. Skráningin var gerð af fornleifafræðingunum Kristborgu Þórsdóttur, Lilju Laufey Davíðsdóttur og Ragnheiði Gló Gylfadóttur. Þingey er flatlend og yfirborð hennar þurrt en nokkuð gróið. Hún er lyngi vaxin á köflum, einir nokkuð algengur en birki hefur ekki náð að festa þar rætur að ráði. Víða koma hraunklettur og hólur upp úr sverði og setja svið á landslagið. Uppblástur og rofsvæði er yfir þveran suðurhluta eyjarinnar. Landslagið og gróðurfar á Skuldaþingsey er svipað. Eyjan er flatlend en hækkar til norðurs. Þar eru klettur



Mynd 1. Staðsetning svæðisins er sýnt með rauðum kassa.

sem koma víða í gegnum svörð. Uppblástur er mun minni en í Þingey og ekki haft eins mikil áhrif og þar.

Við skráningu voru báðar eyjarnar þaulgengnar og rætt við staðkunnuga eftir fremsta megni. Á hverjum minjastað var staðháttu getið, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn var að finna og minjum lýst. Hnit voru tekin á minjastöðunum og þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þau mæld upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Notaðar voru loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem verkkaupi lagði til. Um úrvinnslu og skýrslugerð sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Minjastofnun Íslands og Byggðasafn Skagfirðinga lánuðu Trimble tæki til uppmælinga og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir lánið.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd, í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna og sjálf minjaskráin en í þeim fjórða er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru viðaukar og minjakort sem sýna dreifingu minjastaðanna ásamt hnitaskrá.

Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til heimildamanna sinna fyrir góða aðstoð og hlýjar móttökur.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.


Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask.

### 3. Fornleifaskrá

Í júní 2016 fór fram úttekt á fyrirhugðu skipulagssvæði í Þingey og Skuldapíngsey, í Skjálfandafljóti. Áður en svæðið var gengið var talað við staðkunnuga og loftmyndir kannaðar. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina að allar fundnar minjar „í hættu“ þar sem hvorki er ljóst hvaða breytingar verða á nýtingu eyjanna né hvort þær muni hafa rask í för með sér. Minjastaðir í Skjálfandafljóti (vöð og sögustaðir) voru ekki taldir í hættu. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Allar sýnilegar minjar voru mældar upp með GPS-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem áætlað frávík frá miðju er innan við 1 metri. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávíki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á



Mynd 2. Dæmi um framsetningu á minjastaði í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórfamkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru.




**SP-268:008** *Skuldaþingsey* tóftir

X 568660 Y 587198

"Vestan við landið er Glaumbæjarkvíslin, skiptist rétt norðan við merkin um eyju, sem þar er nyrzt samhliða Þingey. Þessi ey heitir Skuldaþingsey, og kvíslarnar heita, sú vestri Skuldaþingseyjarkvísl og sú eystri Fosselskvísl. Skuldaþingsey nær lengra norður en Þingey, og á henni eru rústir (?). Nafnið bendir á þinghald, og má lesa um það t.d. í Íslandssögu dr. Jóns Jóhannessonar," segir í örnefnaskrá. Í Friðlýsingarskrá segir „Fljótsbakki. [...] b. Allar fornar búðatóftir í Skuldaþingsey. Sbr. Bruun 1928: 100-104. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.“

Í bókinni *Sýslu- og sóknarlýsingar Þingeyjarsýslu* segir: "Fyrir þessu landi liggur ey í Fljótinu sem kölluð er Skuldaþingsey og er mælt að í forntíð hafi þar verið skuldakröfufing haldin." Í bókinni *Lýsing Þingeyjarsýslu* segir: „Jörðin [Fossel] hafði Skuldaþingsey til afnota, til beitar.“ Í bókinni *Íslenzkir sögustaðir* segir: "Fyrir norðaustan Þingey [SP-272b] er önnur minni ey, Skuldaþingsey. Maurer [...] bendir á að í þessu nafni geymist minning um vorþingskipun á Þjóðveldisöld, þar sem ásamt sóknarþingi hafi verið fyrirskipað viðskiptaþing (skuldaþing eða skuldamót), og hafi það sést af staðháttum hér, að viðskiptaþingið hefur stundum verið haldið á sérstökum stað." Í *Árbók Ferðafélags Íslands 1978* segir: „Nafnið bendir til þess að til forna hafi þar farið fram skuldaskil og líklega refsingar, meðan þingað var í Þingey.“ Skuldaþingsey er fyrir norðan Þingey og er mun minni en nágranni sinn. Á milli eyjanna er



kvísl úr Skjálfandafljóti, svokölluð Skuldaþingeyjarkvísl, en ófært er yfir hana á milli þeirra. Hægt er að komast í Skuldaþingsey þurrum fótum á stíflu við norðurenda eyjunnar. Þingbúðirnar eru á norðvesturhluta eyjunnar, um 200 m suðaustan við Ullarfoss 272b:008 sem fellur niður í Skipapoll 272b:004. Ítarleg umfjöllun um Skuldaþingsey og sögu rannsókna þar er að finna í greininni „A new Assembly site in Skuldaþingsey, NE-Iceland“ sem birtist ráðstefnuritinu *Current Issues in Nordic Archaeology* árið 2004. Ekki er ætlunin að fara ítarlega í efni þeirrar greinar en þingstaðarins í Skuldaþingsey er fyrst getið á prenti í bók Daniel Bruun, *Fortidsminder og nutidshjem paa Island*.<sup>1</sup> Bruun heimsótti Skuldaþingsey árið 1907 ásamt Finni Jónssyni og segir í bókinni að þeir hafi fundið fjölmargar tóftir þar en engan dómhring. Arngrímur málari heimsótti bæði Þingey og Skuldaþingsey árið 1867 og gerði uppdrátt af eyjunum. Hann teiknaði ekki upp minjar í Skuldaþingsey en merkti inn á uppdrátt sinn Toptastæði þar sem

<sup>1</sup> Bruun 1897, 104.

Þingið er.<sup>2</sup> Þessi uppdráttur var fáum kunnur undir lok 19. aldar og minjarnar í Skuldaþingsey vöktu mun minni áhuga en minjarnar á Þingey. Svo virðist sem þingbúðirnar í hafi nánast „gleymst“ á 20. öld. Það er ekki fyrr en um árið 2000 sem tóftirnar „finnast“ aftur og hafa í kjölfarið rannsakaðar nokkuð á síðustu árum.

Skuldaþingsey er fremur flatlend en mikið er um hóla og lautir, sér í lagi á norðan- og austanverðri eyjunni. Víða standa hraunklettur upp úr gróðurþekjunni en eyjan er að mestu leyti gróin og einkennist gróður af lyngi og fjalldrapa.



Mynd 4. Þing 268:001. Tóftir 1 og 6, horft til NNV og norðvesturs.

Þingbúðirnar í Skuldaþingsey eru 30 talsins og eru á svæði sem er 230 x 180 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Búðirnar raðast austan og vestan við gamlan árfarveg/lág en ólíkt þeirri í Þingey er hann nafnlaus. Farvegurinn er gróinn og dýpkar eftir því sem norðar dregur. Farvegurinn er um 0,7-2,5 m djúpur við tóftirnar. Í lýsingu þessari er notast við mælingar sem gerðar voru af Garðari Guðmundssyni árið 2004 og sömu númerum er haldið og í greininni sem birtist í *Current Issues in Nordic Archaeology*. Ekki varð vart við fleiri minjar á þingstaðnum og því var ekki talin þörf á nýjum uppmælingum. Á vesturbakkanum eru alls 13 tóftir (4, 6, 20-30), á austurbakkanum eru alls 15 tóftir (2-3, 7-19) og tóftir 1 og 5 eru ofan í farveginum sjálfum. Allar tóftirnar eru ílangar og með svipað áttahorf. Einungis þrjár tóftir eru tvískiptar og op sést á fjórum þeirra á yfirborði. Í fyrrnefndri grein frá 2004 segir að í tóft 26 megi líklega sjá ummerki um tvö byggingarstig, annar hlutinn gæti verið byggður við eldri tóft.<sup>3</sup> Það þarfnast staðfestingar með ítarlegri rannsóknum. Aðrar tóftir virðast allar vera samtíða



Mynd 5. Þing 268:008. Tóftir 16 og 21, horft til NNV og suðurs.

<sup>2</sup> Kristján Eldjárn, 103.

<sup>3</sup> *Current Issues in Nordic Archaeology*, 175.

og ekki hægt að greina fleiri byggingarstig á yfirborði. Allar tóftirnar eru algrónar lyngi, mosa og fjalldrapa og skera sig lítt úr nánasta umhverfi. Þær sjást ekki fyrr en að þeim er komið.

Árið 2001 fór fyrsta fornleifarannsóknin fram á þingstaðnum. Afstaða allra tóftanna var teiknuð upp og könnunarskurðir teknir í tvær tóftir. Einn könnunarskurður var tekin í gegnum vegg í tóft 9 og annar í miðja tóft 10. Í tóft 9 kom m.a. í ljós torfhlaðinn veggur með landnámslaginu í og þunnt gólflag. Í tóft 10 komu í ljós enn þykkari gólflög og sömu gjóskulög. Þetta bendir til þess að minjarnar hafi verið aflagðar löngu áður en 1477 gjóskan féll.<sup>4</sup> Önnur fornleifarannsókn á þingstaðnum fór fram árið 2004. Þá mældi starfsfólk Fornleifastofnunar Íslands þingminjarnar í Skuldapíngsey með nákvæmum hætti. Mælingarnar voru hluti af rannsókn á vorþingstöðum sem stóð yfir á árunum 2000-2006. Árið 2006 fór fram þriðja fornleifarannsóknin á minjastaðnum, hún var á vegum sömu rannsóknar á vorþingsstöðum. Þá var um helmingurinn af tóft 17 grafinn upp. Niðurstöðurnar eru birtar í skýrslunni *Fornleifarannsóknir í S-Píngeyjarsýslu árið 2006*. Þá var nánast staðfest að um þingbúðir er að ræða. Í skýrslunni segir: „Húsið hefur verið reist eftir að gjóskan frá u.þ.b. 950 féll. Þessi gjóska hefur verið skorin þegar grafið var fyrir húsinu, og hún er einnig í torfinu í veggjum þess. Vottar fyrir viðgerð á veggjum, eða a.m.k. innskot af torfhnausum sem skera sig úr aðalhleðslunni. Byggingin var löngu fallin úr notkun er gjóskulagið 1477 féll.“<sup>5</sup>

**Hættumat:** í hættu

**Heimildir:** Ö-Fosssel, 1; Friðlýsingarskrá, 40; LP I, 301; KK: Íslenskir sögustaðir III, 118; SSP, 114; ÁFÍ 1978, 17; Fornleifarannsóknir í S-Píngeyjarsýslu 2006, 8-10.

Í töflu 1 sést listi yfir þingbúðirnar. Þær eru margvíslegar að stærð líkt og sést í töflunni en áttahorf þeirra var svipað sem réðist af landslaginu. Þær fylgja allar stefnu farvegarins. Allar tóftirnar eru álíka að gerð og lögun og engin sem sker sig af einhverjum ástæðum.

Númer	Stærð	Áttahorf	Hólf	Op
1	10,4 x 7	NV/SA	1	Nei
2	14 x 8,4	NV/SA	1	Nei
3	13,2 x 8,3	NV/SA	1	Nei
4	12 x 7	NV/SA	1	Nei
5	11,5 x 7,2	NV/SA	1	Nei
6	15,5 x 8,4	NV/SA	1	Nei
7	10,6 x 7,2	NV/SA	1	Nei
8	10 x 6,8	NNA/SSV	1	Já
9	12 x 8,3	N/S	1	Nei
10	13,8 x 7,4	N/S	1	Já
11	10,5 x 7	NNV/SSA	1	Nei
12	13,5 x 7,5	N/S	1	Já
13	13,6 x 8,1	NNV/SSA	1	Nei
14	13,7 x 8,6	NV/SA	1	Nei
15	10,3 x 7,3	NNV/SSA	1	Nei
16	20,6 x 7	NNV/SSA	2	Já

Númer	Stærð	Áttahorf	Hólf	Op
17	11,7 x 7,6	NNV/SSA	1	Nei
18	12 x 6,3	N/S	1	Nei
19	14 x 6	N/S	2	Nei
20	8,8 x 7,6	NNA/SSV	1	Nei
21	12,2 x 6,7	N/S	1	Nei
22	8 x 8,6	N/S	1	Nei
23	8,6 x 7	NNV/SSA	1	Nei
24	13,8 x 7,7	NV/SA	1	Nei
25	12,7 x 8	N/S	1	Nei
26	21 x 7,6	NV/SA	2	Nei
27	8,5 x 6,2	NV/SA	1	Nei
28	11,8 x 6,6	NV/SA	1	Nei
29	12,6 x 8	N/S	1	Nei
30	8,2 x 6,3	NV/SA	1	Nei

Tafla 1. Stærðir tófta á þingstaðnum í Skuldapíngsey.


<sup>4</sup> Current Issues in Nordic Archaeology, 176-177.

<sup>5</sup> Adolf Friðriksson et. al. 2007, 8-10.



**SB-268:012** tóftir beitarhús

X 569163 Y 586766




Mynd 6. Teikning af beitarhúsum 268:012

Tvær fornlegar og signar tóftir eru sunnarlega á miðri Skuldaþingsey, um 90 m vestan við tóft 015, 150 m sunnan við kolagröf 016 en 800 m suðaustan við þingbúðir 008.

Eyjan er fremur flatlend en mikið er um mishæðir og stórbýfi. Víða standa hraunklettar upp úr gróðurþekjunni en hún er að mestu leyti gróin og einkennist gróður af lyngi og fjalldrapa.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 25x18 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóftirnar eru báðar einfaldar og ferhyrndar en horn þeirra eru lítillaga rúnuð. Þær eru mjög grónar og er sami gróður á þeim og í kringum þær. Hvergi sést í grjóti í þeim en líklegt er að þær séu hlaðnar úr torfi og grjóti fremur en eingöngu torfi. Tóftirnar snúa báðar austur-vestur og virðist vera op á þeim báðum í norðvesturhorni. Tóft A er syðst á svæðinu og er hún

um 9x7 m að stærð. Nyrðri langveggur er 3 m á breidd en sá syðri 1,5 m á breidd. Veggjahæð er mest um 0,6 m. Tóft B er um 8 m NNV við tóft A. Hún er aðeins stærri en tóft A og er 12x8 m að stærð. Veggir í henni eru 1,5 m á breidd og 0,6 m á hæð. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt. Þó að þær séu fornlegar eru þær yngri en þingbúðirnar og tengjast þeim ekki að öllum líkindum. Ekki er vitað til þess



Mynd 7. Tóftir 268:012 A og B, horft til norðvesturs og vesturs.

að eyjan hafi verið nýtt til annars en beitar eftir að þinghald lagðist af í henni. Því má leiða getum að því að tóftirnar séu af beitarhúsum eða öðrum mannvirkjum í tengslum við útbeit.

**Hættumat:** í hættu

**SB-268:013** varða óþekkt

X 568973 Y 587259

Varða 013 er í miðri Skuldaþingey, tæpum 420 m austan við þingbúðir 008 og 500 m suðaustan við vörðu 014. Hún er um 150 m frá austurbakka eyjunnar.

Eyjan á þessu svæði er frekar flatlend með mikið af dældum, lautum og hólum. Hraunnibbur stingast upp víða og gróðurþekja er mestmegnis lyng- og kjarrgróður.

Varðan liggur sunnarlega í lágum hól, ofan á stórra hraunnibbu sem liggur langsöm upp á hlið í hólnum. Þar ofan á hefur tveimur steinum verið staflað upp og mynda þannig vörðu. Hún er 0,5 m á hæð og 0,3x0,3 að stærð. Ef hraunnibban, sem varðan stendur á, er tekin með er hún 1 m að lengd og 0,3 m að breidd og snýr austur-vestur. Hún er þá 1,3 m á hæð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

**Hættumat:** í hættu



Mynd 8. Varða 268:013, horft til norðurs.

**SP-268:014** varða óþekkt

X 568695 Y 587674

Varða er á norðurhluta Skuldaþingseyjar, um 370 m norðan við þingbúðir 008 og 1 km norðvestan við tóftir 012.

Eyjan er fremur flatlend en mikið er um hóla og lautir, sér í lagi á norðan- og austanverðri eyjunni. Víða standa hraunklettur upp úr gróðurþekjunni en hún er að mestu leyti gróin og einkennist gróður af lyngi og fjalldrapa.

Varðan er á lágum hól og er talsvert laust grjót efst á hólnum í kringum vörðuna. Grjótpústin, sem varðan er á, er um 2x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,3 m á hæð. Ekki er ólíklegt að þústin sé leifar af fornu mannvirki, ef til vill stórra vörðu eða smalaþyrngi, og varða hafi verið hlaðin úr rústum þess. Einföld röð steina mynda vörðuna sem er 0,6 m í þvermál og 1 m á hæð. Í henni sjást 4 umför steina.

**Hættumat:** í hættu



Mynd 9. Varða 268:014, horft til vesturs.

**SP-268:015** tóft óþekkt


X 569249 Y 586769

Stór og nokkuð fornleg tóft er austast á sunnanverðri Skuldaþingsey, um 80 m austan við tóftir 012 og 880 m suðaustan við þingbúðir 008.

Eyjan er fremur flatlend en mikið er um mishæðir og stórþýfi. Víða standa hraunklettur upp úr gróðurþekjunni en hún er að mestu leyti gróin og einkennist gróður af lyngi og fjalldrapa.

Tóftin er um 23x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í tvo hluta og eru þrjú greinanleg hólfa í henni. Í norðurhluta er greinilegt hólfa I í tóftinni sem er um 7x3 m að innanmáli. Það er breiðast nyrst en mjókkar til suðurs og er 2 m á breidd í suðurenda. Stórar og miklar þúfur eru innan þess. Op er á því til vesturs, í suðvesturhorni. Suðurhluti tóftarinnar er ógreinilegri og sést ekki skýrt innanmál hólfa nema í einu mjóu hólfa II í vesturhlutanum. Það er um 4x0,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mögulega er op úr því í norðurenda til vesturs inn í hólfa III sem er utan í tóftinni, sunnan við op inn í hólfa I í norðurenda. Það hólfa er 1x0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er úr því til suðurs. Sunnarlega í suðurhluta tóftarinnar, sunnan við hólfa II og III, er greinileg lægð inn í vesturhlið hennar sem ekki er gott að átta sig á. Mesta hæð veggja í norðurhluta er 0,7 m og sama hæð virðist vera í suðurhlutanum en hann stendur hærra í landinu. Tóftin er algróin en ætla má að í veggjahleðslum sé grjót auk torfs.





Gróðurinn á tóftinni er sá sami og í kringum hana. Þó að tóftin virðist allforn er hún yngri en þingbúðirnar á eyjunni. Hlutverk hennar er ekki þekkt en lögun hennar og staðsetning gæti bent til þess að hún sé af beitarhúsum en þekkt er að Skuldaþingsey var nýtt til útbeitar.

**Hættumat:** í hættu

**SP-268:016** gryfja kolagröf

X 569210 Y 586928



Kolagröf er austast á suðurhluta Skuldaþingseyjar, um 760 m suðaustan við þingbúðir 008, 160 m norðan við tóft 018 og 160 m norðaustan við tóftir 014.

Gröfin er í miðri grunnri og mjórri lág sem liggur austur-vestur og er vaxin grasi að hluta í botninn en allt í kringum hana og í hliðum hennar vex lyng og fjalldrapi. Ekki er mikið um trjágróður á eyjunni en stöku birkitré er litlu sunnan við kolaгрöfina í djúpri laut þar sem hraunklettur standa upp úr gróðurþekjunni.

Kolagröfin sjálf er tæpur 1 m í þvermál innanmáls. Lágur jarðvegskragi er í kringum gröfina sem er um 1 m á breidd og er því mannvirkið í heild um 3 m í

þvermál. Gröfin er um 0,3 m á dýpt og kraginn í kring er um 0,1 m á hæð. Kolaгрöfin er að miklu leyti grasi vaxin en lyng og fjalldrapi eru nyrst í henni.

**Hættumat:** í hættu

## SP-272b Þingey

1712: "Helgastaðir eiga 1/2 Þingey og Einarstaðir 1/4..." JÁM XI, 178,181. Auk þess á Fljótsbakki hluta í Þingey. BBSÞ, 427.

1318: Hér var þingstaður til forna auk þess sem búið var í Þingey um tíma á 19. öld. Í Þingey var háð eitt af 13 reglulegum þingum þjóðveldisaldar. Eftir henni nefndist nyrzti og austasti hluti landsins Þingeyjarþing. Í Auðunarmáldaga segir að Helgastaðakirkja eigi "Þingey hálf og þingstað umfram." KK, 118.

1839: Hálf þessa ey eiga Grenjaðarstaðir, Einarstaðir og Fljótsbakki..." SSP, 114.

1394: Helgastaðakirkja á Þingey hálf og þingstod vm framm í máldaga; DI III 573, 574.

1978: Sýslan á 3/4 eyjunnar og þingstað að auki, þáði hana að gjöf frá ríkinu; ÁFÍ 1978, 16.


"Stytttri orðmynd var Eyjarþing (Reykð. 236, 239, 240). Eina sagan sem talar um þennan þingstað er Reykdæla og Víga-Skúta saga, á þeim stöðum sem til var vitnað. Fyrst er sagt frá, að kærð er á Eyjarþingi launmorðstilraun við Víga-Skútu sem bjó við Mývatn austarlega í sýslunni. Síðar er sagt frá misheppnaðri árás á sama mann, Víga-Skútu. Þorgeir goði safnar sem sé mönnum á vorþinginu og ríður á móti Skútu til að koma honum óvörum (þingið er kallað þar ranglega Eyrarþing fyrir Eyjarþing. Það er sýnilega þetta sama þing sem Þorgeir leggur af stað frá og er hér lýst sem vorþingi). Ekki tekst þó að gabba Skútu og andstaðingar hans tveir verða algerlega í minni hluta á þinginu. Sennilega er það einnig Eyjarþing sem átt er við í viðbæti Landnámu, þegar sagt er frá höfðingja norðarlega á Austurlandi (Bjarna Skeggjbroddasyni, sem er einnig frá fyrri hluta sögualdar) að hann drukknaði við sjöunda mann á Skjálfanda, þegar hann var að fara til þings. Þessar frásagnir af þinginu réttlættu þó ekki þá ályktun, að þar hefði aðeins um stundarsakir verið reglulegt vorþing. Þvert á móti hefur Þingey tvímælalaust- ef til vill með einstakri undantekningu um stundarsakir- verið allan þjóðveldistímam samkomustaður fyrir fjórða þing Norðurlands. Þegar í Járnsíðu (Járn., síður rétt:Hákonarbók) er landshlutinn þar í kring nefndur Eyjarþing, en í Jónsbók Þingeyjarþing." KK, 117.

Þingey er allstór, 5 km löng og 1,5 km breið, þar sem hún er breiðust. "Hún er stærsta eyjan í Skjálfandafljóti og eyja sú, er sýslan ber nafn af ... hinn forni þingstaður Þingeyjarþings. Eyjan er öll láglend og hraun undir gróðrinum ...vaxin er hún fjalldrapa, nema þar sem uppblásturinn hefur herjað. Skjálfandafljót rennur aðallega að vestanverðu við eyjuna og fellur þar í einu lagi. En að austanverðu er talað um Glaumbæjarkvísl. Svo klofnar hún um Skuldaþingsey, ... og þá heitir vestari kvíslin Skuldaþingseyjarkvísl.", segir í örnefnaskrá Þingeyjar. "Engi er ekkert á Þingey, aðeins örsmáir finnugsbollar hér og þar, og tún hefur verið örlítið, en útbeitin ágæt, og jarðsælt." LÞ I, 301.

**SP-272b:001** *Þingvellir* tóftaþyrping þingstaður X 569039 Y 585615

"Þar kemur eins og vik inn í Þingey, og norðan þess myndast þá nes. Á því nesi eru þingstaðarrústirnar. Þetta er nú nefnt Þingvellir," segir í örnefnaskrá. Í Friðlýsingarskrá segir: „Fljótsbakki. a. Öll mannvirki á hinum forna Þingeyjar-þingstað í Þingey. Sbr. Árb. 1906: 4-5. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.“ Í ritinu Lýsing Þingeyjarsýslu I segir: "Þingstaðurinn var á austanverðri eyjunni, út og yfir frá Glaumbæjarseli. [...] Bær var byggður á þingstaðnum 1844 og hét Þingey. Byggðin stóð í 21 ár og féll niður 1865, og hefur sennilega aldrei verið byggð í Þingey áður, og aldrei síðar. Fimm bændur bjuggu þarna hver eftir annan, og 9 ár sá, er lengst bjó, svo skamvinn var ábúð hinna." Minjar um þing í og býli í Þingey eru austast á eyjunni, norðan við Bjúgey. Þingstaðurinn er 1,5 km SSA við þingminjar SP-268:008 í Skuldaþingsey.

Þingstaðurinn er á litlu nesi sem gengur til austurs út úr Þingey. Eyjan er flatlend og gróin að mestu leyti. Stórþýft er á eyjunni allri og mikið um mishæðir og gróna farvegi. Gróðurfar einkennist af lyngi og fjalldrapa. Gras vex þó á yngstu minjunum á svæðinu og í kringum þær en ekki er að sjá að tún hafi



verið sléttað svo nokkru nemi. Minjunum á þingstaðnum á Þingey hefur verið lýst af ýmsum fornfræðingum sem fóru um landið á 19. öld og í byrjun þeirrar 20. Sá sem fyrstur skráði lýsingu á minjunum og gerði uppdrátt af þeim var Arngrímur Gíslason málari, að beiðni Sigurðar Guðmundssonar málara og umsjónarmanns Fornminjasafns Íslands. Skýrsla til Sigurðar um vettvangsathuganirnar er birt í bók Kristjáns Eldjárns um Arngrím málara og þar lýsir hann þeim minjum sem hann gat greint (innan hornklofa eru númer tóftanna eftir uppdrætti og umfjöllun Daniel Bruun, sjá neðar, og númer Fornleifastofnunar í framhaldi af þeim): "Viða eru tóftirnar á

Þingeyjarþingvöllum svo óglöggvar að ekki verður með fullri vissu ákveðið um stærð á þeim. No 1 [DB 13] er tóft sem gengur út í ytri girðingu [FSÍ 19] Þingvalla, og er hún nokkuð óslétt og óglögg. No 2 [DB 12] og no 4 [DB 11] eru langar og ekki vel glöggvar. Þær sýnast að hafa verið mjög líkar og sundurdeildar líkt og sjá má af mynd þeirra. No 3 [FSÍ 14] er kringlótt tóft og nokkuð glögg. No 5 [DB 10] er óglögg því nú stendur fjárhús á henni, en þó nær forntóftin út undan henni á allar hliðar, og kemst eg ekki nær mælingu á henni en segir á myndinni. No 6 [DB 8] er glögg, svo varla munar á mælingu hennar. No 7 [DB 9] er glögg. No 8 [DB 4] stendur eins á og No 5. – No 9 [DB 5] eru víst margar tóftir saman, en bæjarnefnan stendur þar á, og þótt forntóftirnar standi töluvert út fyrir allt í kring er ekki hægt að sýna stærð þeirra hvurrar fyrir sig, en þær tóftir líta þó út að hafa verið glöggvar. No 10 [DB 5] og 11 [DB 6] eru glöggvar. No 12 [DB 3] er að munnmælum búð Áskels goða í Hvammi, og er hún glögg. No 13 [DB 1] er mjög óglögg og hús stendur á henni svo ekki verður séð lengd hennar. Þinghóll er ekki






merkilegur að sjá og allrei hefur verið sérstök girðing um hann. Báðar girðingar [FSÍ 18/19] um Þingvöll eru mjög gamlar, og þarf ekki að ímynda sér að hvorug þeirra sé túngirðing, enda þótt ræktað hafi verið nú í nokkur ár innan í girðinginn(i), því á Þingey hefur allrei verið bær til forna, landslagið er allt þýft og óslétt."

Á eftir Arngrími kom Kristian Kålund, sögustaðafræðingur, út í Þingey og er stutta lýsingu á þingstaðnum að finna í riti hans *Íslenskir sögustaðir III*.

Daniel Bruun kom fyrst í Þingey 1896. Hann fjallar um minjarnar og birtir uppdrátt af þeim í bók sinni *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*: "Efst á tanganum er aflangur, einstakur hóll um 30 feta hár yfir umhverfið (merktur a á uppdrættinum), og er eyjan þar hæst. Eins og sjá má af teikningunni liggja tveir torfgarðar í sveig upp frá fljótinu, og liggja báðir endar þeirra fram á fljótsbakkann. Allar búðatóttir á staðnum svo og áður nefndur hóll liggja innan ytri garðsins, en flestar búðirnar eru þó innan innri garðsins en hóllinn ekki. Á nokkrum stöðum eru leifar yngri húsa, eru þær af bæ eða ef til vill aðeins fjárhúsum, sem þar hafa verið reist (1-5, 8 og 10 á teikningunni [hér kemur á óvart að DB telji gerði 2 og tóftir 3 og 8 með yngstu tóftum á svæðinu]). Tóttir þessara húsa eru á lágum hávöðum, þar sem útlit er fyrir að búðir hafi áður verið, og getur verið að efni úr þeim hafi verið nýtt í húsveggina. Búðirnar sjálfar (6, 7, 9, 11, 12 og 13) liggja í smáþyrpingum á víð og dreif, oft nokkrar sambyggðar í framhaldi hver af annarri. Lengdarstefnan er aðallega norður-suður. Stærsta búðalengjan er rösklega 70 fet, en annars eru þær 15-30 feta langar. Breiddin er yfirleitt um 15 fet allt utanmál). Búðirnar eru nú mjög sokknar í jörð, en



veggirnir sjást þó allgreinilega. Þegar ég kom þarna fyrst 1896 gróf ég dálítið í eina búð. Þar kom í ljós, að veggirnir voru hlaðnir úr torfi og gjóti. Það mun óhætt að fullyrða, að tjaldað hafi verið yfir þær með vaðmáli, meðan dvalist var í þeim. a. Vestast eru 4-5 sambyggðar búðir í beinni röð (11), hin syðsta þeirra mjög lítil. b. Þar fyrir austan liggja í röð frá norðri til suðurs [hér er villa í þýðingu, á að vera frá suðri til norðurs], fyrst búðartótt, því næst hústótt í gömlu búðarstæði, síðan tvær sambyggðar búðir (12), er önnur þeirra kölluð „stóra búð“, og loks er enn ein búð (13). c. Enn austar í línu norður-suður [hér er villa í þýðingu, á að vera suður-norður] er lítil ógreinileg búð og önnur stærri. d. Loks liggja nokkrar tóttir suðaustan við þessar nefndu, og virðast þær allar vera í gömlum búðarstæðum. Það er þannig ljóst, að þingstaðnum hefur verið raskað með nýbyggingum. Ef til vill hefur tún verið ræktað hér, og gætu garðarnir verið í sambandi við það. Þó gegnir það nokkurri furðu að garðarnir skuli vera tveir, hvor utan um annan og miklu breiðari en venjulegir vallargarðar, eða allt að 16 fet. Engar búðir liggja að ytri garðinum, en að innri garðinum liggur búðaröðin nr. 11, þannig að garðurinn er vesturveggur þeirra. Ef vér gerum ráð fyrir, að garðarnir séu jafngamlir búðunum, er torvelt að finna viðhlítandi skýringu á til hvers þeir hafa verið gerðir á þingstaðnum. Lega þingstaðarins á eyju, sem ætla má að hafi verið óbyggð á þjóðveldistímanum, bendir ótvírætt til að menn hafi viljað einangra hann. Ekki verður úr því skorið, hvort garðarnir hafi átt að þjóna einhverju slíku hlutverki. Hóllinn, sem getið

er, gat hafa verið þingbrekka. "Dómhringur" var enginn."

Brynjúlfur Jónsson fór út í Þingey sumarið 1905 og greindi frá vettvangsathugunum sínum í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1906 (innan hornklofa eru númer tóftanna eftir uppdrætti og umfjöllun Daniel Bruun, sjá neðar, og númer Fornleifastofnunar í framhaldi af þeim): "Við þessa stefnubreytingu [austur-] kvíslarinnar myndast dálítið hálfkringlumyndað nes austur úr Þingey. Á því er þingstaðurinn, og sjást hans glöggar menjar. Hefir þó nokkuð af þeim eyðilagst við það, að bær var gjörður þar í byrjun 19. aldar. Hann stóð um 40 ár. Eru þar auðþektar tóftir þær, er bænum tilheyra. En sumstaðar sjer á forntóftir út undan þeim. Hefir þar verið bygt ofan á þingbúðartóftir. Það er merkilegt við þenna þingstað, að utan um hann er tvöföld girðing, hvortveggi mjög fornleg, og hafa þeir garðar verið afar miklir. Að austanverðu er kvíslin í stað garðanna. Innri girðingin [FSÍ 18] er nokkuð óregluleg: kreppest saman er nær dregur kvíslinni, en slær þó út aftur. Það kemur af því, að norðurhlið hennar beygir suðurfyrir stóran hraunhól, en síðan aftur austur og norðaustur með honum og þá fram á kvíslarbakkann. Hóll þessi heitir Þinghóll. Ytri girðingin [FSÍ 19] myndar næstum reglulegan hálfhring. Hinn hálfhringinn á móti myndar kvíslin og má hann einnig heita reglulegur, nema hvað hann gengur inn á við sunnantil. Með öðrum orðum: suðurendi girðingarinnar liggur austur á kvíslarbakkann dáiðið sunnar en nesið fer að myndast. Búðatóftir eru eigi allfáar: Vesturhlið innri girðingarinnar er mynduð af búðaröð [DB 11], sem liggur frá norðri til suðurs. Það eru 5 búðir: hin syðsta nál. 8 fðm.löng, en hver hinna hér um bil helmingi styttri. Austur frá hinni löngu tóftinni er sérstök tóft [líklega DB 9], ferskeytt fremur lítil. Beint suður af búðaröðinni er einstök tóft [ekki á uppdrætti DB/FSÍ 15] fyrir utan (innri) girðinguna og er norðurendinn áfastur við hana og nokkuð óglöggur, svo ekki er hægt að ákveða lengd búðarinnar. En einna stærst er hún af búðunum. Nokkrum fðmum austur frá búðaröðinni er nýleg tóft allmikil [DB 10]. Hún hefir tilheyrt bænum og verið annaðhvort fjárrétt eða heystæði. Hún liggur frá norðri til suðurs. Fyrir búðatóftum vottar við báða enda hennar, og eru líkur til, að hún hafi verið sett ofan á búðaröð. Framhald af þeirri röð til norðurs heldur svo áfram fyrir utan innri girðinguna norður að hinni ytri. Eru þar fyrir víst 4 tóftir [DB 12-13], og allar stórar: 6-8 fðm. á lengd, nema hin syðsta, sem næst er innri girðingunni: hún er um 4 fðm. Á stærð við hana er sjerstök tóft [ekki á uppdr. DB/FSÍ 14], sem liggur einstök fyrir austan þessa búðaröð hér um bil miðja. Mitt á milli nýju tóftarinnar, sem nýlega var getið, og Þinghóls er stök tóft [DB 8] langt frá öllum öðrum; hún er einna óglöggust og eigi stór. Út lítur fyrir, að búðartóft sé áföst innri girðingunni sunnan undir Þinghól, þó er það óglögt, enda tekur þar við nýleg tóft [DB 1] sem bænum hefir tilheyrt, hvað sem þar kann að hafa verið áður. Norðaustur frá hólnum er enn búðaröð [DB 3], sem liggur frá kvíslarbakkanum til norðvesturs. Hún er fremur óglögg og niðursokkin. Virðast þar hafa verið 4 búðir og eigi alllitlar. Bæjartóftin [DB 5] er suður frá Þinghól á kvíslarbakkanum, og sér einnig á búðatóftir út undan henni á tvo vegu. Norðvestur frá bæjartóftinni og eigi langt frá henni er enn nýleg tóft [DB 6]. Eigi verður séð, að hún sé sett ofan á fornvirki. Yfir þvera suðausturhlið hólsins sér fyrir nýlegum garði [FSÍ 17]: mun það hafa átt að verða túngarður, en raunar hefir túnið aldrei orðið grætt, og túngarðurinn eigi haldið áfram. Skamt frá suðurenda garðspottans hefir verið byrjað á að byggja ofurlítinn kálgarð eða eitthvað þess konar, en virðist eigi heldur hafa orðið fullgert. Á norðvesturhlið hólsins vottar fyrir fornlegum hring [ekki á uppdr. DB]; hallar honum ofan af hólnum og er hann að neðanverðu orðinn að stórbýfi.- Utan við ytri girðinguna suðvestanmegin er lítill hóll, lágur og flatur með sléttu hraunmalar yfirborði. Kringum hann er hringgarður [ekki á uppdr. DB], 38 fðm. um kring, og er hann dálítið frálaus hólnum norðanmegin. Það er eina mannvirkið sem ég gat séð utan girðinga. [...] Ég bjó til uppdrátt af eynni og þingstaðnum, því Fornleifafélagið átti engan áður. En uppdráttur þingstaðarins eftir Daniel Bruun höfuðsmann, sem prentaður er í riti hans "Fotrtidsminder og Nutidshjem" [Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár í íslenskri þýðingu] er í fárra manna höndum hér á landi. Nýju tóftirnar gjörði ég dekkri en hinar á uppdrættinum."

Fornleifastofnun Íslands rannsakaði minjarnar í Þingey árið 2004 þegar þær voru mældar upp með nákvæmum hætti. Þær mælingar voru gerðar sem hluti af rannsókn á vorþingstöðum sem stóð yfir á árunum 2001-2006. Í skýrslu um rannsóknina (FS275-02142) er fjallað um minjarnar og eldri lýsingar á þeim. Þar eru notuð sömu númer fyrir stakar minjar og hjá Daniel Bruun og númerum bætt við fyrir minjar sem Bruun fjallaði ekki um. Sami háttur verður hafður á í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir. Við vettvangsathugun sem gerð var 2016 var ein tóft nýskráð sem ekki hefur áður verið gerð grein fyrir.



Mynd 15. Garðlög 18 og 19.

Fornleifastofnun Íslands gerði uppgröft í valdar minjar á þingstaðnum árið 2005 og birti niðurstöður þeirrar rannsóknar í skýrslu FS294-02143.

Hér á eftir verður hverju mannvirki fyrir sig lýst stuttlega og hefst lýsingin austast á svæðinu, á ytri garði 19 sem afmarkar svæðið ásamt fljótinu. Garðurinn myndar hálfhring og afmarkar svæði sem er um 270x100 m að stærð og snýr NNA-SSV en heildarsvæðið sem er innan garðs og afmarkast af garði og fljóti er 270x270 m að stærð. Garðurinn er mjög siginn og útflattur en er enn vel greinilegur. Hann er víðast 3-4 m á breidd og allt að 0,5 m á hæð. Innri brún garðsins er skýrari en sú ytri. Árið 2005 voru tveir könnunarskurðir gerðir í ytri garðinn og einn í innri garð 18. Í skýrslu FS294-02143 um uppgröftinn segir um garðana: „... þeir eru hlaðnir úr torfi, og eru gjóskulög í torfinu, og undir veggjum, en erfiðlega gekk að finna gjóskulög ofan á þeim. Ljóst er að þeir eru frá miðöldum, en á þessu stigi verður ekki fullyrt hvort þeir séu frá sama tíma og þingbúðir eða ekki.“ Næst verður minjunum lýst sem eru innan ytri garðs 19 en utan innri garðs 18. Nyrst á því svæði er einföld aflöng tóft 13. Tóftin er 10x8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hæð veggja er 0,2-0,3 m en grafið var í tóftina árið 2005 og sjást ummerki þess þó að tóftin sé öll gróin. Í tóftinni voru grafnir tveir gagnstæðir reitir sem hvor um sig var um 3x5,5 m að stærð. Um niðurstöður uppgraftarins segir í skýrslu FS294-02143: "Í ljós kom vel varðveitt, mannvirki úr torfi, með lágum veggjum hlöðnum úr streng. Inngangur reyndist vera í suðausturhorni tóftarinnar. Í gólfleti hennar komu í ljós allmargar stoðarholur, einkum í suðausturhorni. Mannvirkið liggur undir gjóskulagi frá 1300 og 1477, en ofan á forsögulegum lögum sem og landnámssyrpunni svokölluðu. Engir gripir fundust, engin bein, kol eða aska og ekkert eiginlegt gólfslag. Niðurstaða uppgraftarins fellur því mjög vel að þeirri skoðun að hér sé um þingbúð að ræða." Um 5 m suðvestan við tóft 13 er aflöng tóft 12. Hún skiptist í þrjú greinanleg hólfa en ekki eru sýnileg op á tóftinni eða á milli hólfa. Tóftin er 40x8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er breiðust nyrst en litlu mjórri syðst, eða 7 m á breidd. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð. Nyrsta hólfið er 7,5x3 m að innanmáli. Það virðist líklegt að nyrsta hólfið sé búðin sem Daniel Bruun segir að sé kölluð "stóra búð" því að þar er tóftin greinanlega breiðari en aðrir hlutar hennar þó að innanmál hólfsins sé ekki sérlega stórt. Miðhólfið er 15x2,5 m að innanmáli og syðsta hólfið er 6x2,5 m að innanmáli. Öll snúa hólfin eins og tóftin. Um 3 m austan við tóft 12 er tóft 14. Þessi tóft er allsérstæð og ólík öðrum tóftum



á svæðinu. Tóftin er hringlaga og er 8 m í þvermál. Inni í henni virðist vera önnur tóft sem er um 3 m í þvermál og er op á henni til austurs. Veggir innri tóftar eru 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Veggir ytri tóftar eru 1,2 m á breidd og allt að 0,6 m á hæð. Um 95 m suðaustan við tóft 14, syðst á Þinghól, er garðlag 17 sem liggur í sveig til norðurs af innri garði 18, móts við sveig á þeim garði til suðurs. Garðurinn er á svæði sem er 40x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvestast liggur hann samsíða garði 18 á 10 m löngum kafla en beygir þá til ANA upp á Þinghól. Uppi á hólnum er garðurinn útflattur og ógreinilegur. Þar er enn greinileg rás norðan við garðinn eftir efnistöku (?). Þar sem



Mynd 16. Þingstaður 272b:001. Mynd: FSÍ

garðurinn liggur niður af hólnum til suðausturs er hann mjög ógreinilegur og virðist skemmdur af rofi sem hefur gróið aftur. Greinilegastur er garðurinn fast suðaustan við Þinghól þar sem hann liggur yfir grunna lág. Þar er hann grasi vaxinn, 0,6 m á hæð og 1 m á breidd en annarsstaðar 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Frá þessum hluta virðist garðurinn beygja aftur á garð 18 en er mjög ógreinilegur og genginn í þúfur á þeim kafla. Gerði 21 er áfast suðaustanverðum garði 17, uppi á Þinghóli. Gerðið er 5x5 m að stærð. Ekki er greinilegt op á því. Gerðið er útflatt og eru veggir þess í mesta lagi 0,2 m á hæð

og 1-1,5 m á breidd. Tóft 3 er 65 m austan við gerði 21. Hún er aflöng og skiptist í fjögur hólf. Tóftin er 18x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. SSA-endi hennar er fremur óskýr. Nyrsta hólfíð er 3,5x1,5 m að innanmáli. Óljóst op er á milli þess og næsta hólfis til suðurs sem er 2x1,5 m að innanmáli. Sunnan við það er lítið hólf sem er 2x1,5 m að innanmáli og syðst er hólf sem er 4x2 m að innanmáli. Ekki sjást op inn í tóft eða á milli hólfanna nema tveggja nyrstu hólfanna. Mögulega er op inn í tóftina á ANA-langvegg á milli litlu hólfanna í miðri tóft þar sem veggurinn er greinilega lægri en annarsstaðar. Miðjuhólfín snúa ANA-VSV en syðsta og nyrsta hólfíð snúa eins og tóftin, NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru 2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Þessi tóft er líklega sú sem Arngrímur málar segir eftir munnum að heiti búð Áskels goða í (Prest-) Hvammi í Aðaldal. Gerði 2 er 10 m suðvestan við tóft 3, frammi á bakka Skjálfafljóts. Gerðið er ferhyrnt, 12x20 m að stærð og snýr ANA-VSV. Gerðið er vaxið sama gróðri og er umhverfis en lítilla vex af grasi í innanverðu norðvesturhorni þess. NNV-langveggur er greinilegastur og er hann um 2 m á breidd og 0,2 m á hæð. VSV-veggur endar við klöpp á bakkanum. Ekki er veggur meðfram SSA-hlið en þar rennur fljótið og hefur það að líkindum brotið eitthvað af gerðinu. Ekki sést op á veggjum þess. Enn eru ónefndar tvær tóftir sem eru innan við ytri garð 19 og utan við innri garð 18. Þær eru syðst á svæðinu. Tóft 20 er 160 m suðvestan við gerði 2. Þessi tóft hafði ekki verið skráð áður en hún sést á loftmynd á Google Earth frá 18. maí 2012 þegar snjóföln var yfir öllu svæðinu. Tóftin er norðanundir skarpri brún á milli ytri og innri garðs. Tóftin er tvískipt og gróin. Hún er 6x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestara og innra hólfíð er 1x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Austara hólfíð er 2,2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ytri brún syðri langveggjar er óskýr þar sem hann er hlaðinn undir brúninni og hefur samlagast henni. Veggir eru hæstir um 1 m í vesturenda tóftar og eru víðast um 1 m á breidd. Hvergi sést í grjóti í veggjum. Veggir og innanmál tóftar er nokkuð skýrt þó að tóftin virðist fornleg. Op er í austurenda tóftar og óljóst op á milli hólfanna. Veggur á milli hólfanna er 0,4 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóft 15 er við beygju á utanverðum innri garði 18 þar sem hann liggur frá norðri og beygir til suðvesturs. Tóftin er einföld og er 12x8 m að stærð. Hún snýr norður-suður og er opin til norðurs en sá endi tóftarinnar er óskýr. Það er stórþýft inni í tóftinni og veggir hennar gengnir

í þúfur. Veggir eru 2-3 m á breidd og 0,6 m á hæð utanmáls. Ekki voru fleiri minjar skráðar á milli ytri og innri garðs en að lokum skal það nefnt að 5 m suðvestan við tóft 15 er afgerandi, alldjúp gryfja sem kann að vera manngerð. Samskonar gryfjur eða lægðir eru hins vegar víða á milli þúfna á eyjunni og líklegt að hún sé ein þeirra og þar af leiðandi náttúrumyndun.

Innri garður 18 afmarkar svæði sem er 150x100 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann krækir fyrir suðurenda Þinghóls. Fljótið afmarkar svæðið með garðinum að suðaustanverðu. Garðurinn er siginn og gróinn og er aðeins umfangsminni en sá ytri. Hann er 2-3 m á breidd, víðast 3 m. Hæstur er hann um 0,5 m. Þegar grafið var í innri garðinn 2005 var könnunarskurðurinn gerður þar sem tóft 15 liggur að garðinum að utanverðu. Að sögn Howells M. Roberts sem vann við rannsóknina voru tóftin og garðurinn ekki sambyggð mannvirki. Ekki var hægt að skera úr um það í hvaða röð mannvirkin voru reist eða hvort þau voru byggð á sama tíma. Þau virðast vera frá sama tímabili en þau voru fallin úr notkun löngu fyrir árið 1477 þegar gjóska úr eldgosi í Veiðivötnum féll. Aflöng tóft 11 er sambyggð garðinum nyrst á vesturhlið hans. Hún er 38x8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru 3 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Tóftin skiptist í fjögur hólf og að auki er eitt lítið hólf í suðausturhorni tóftarinnar en það virðist vera yngra mannvirki, lítil tóft sem er 5x4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Op er á henni til ASA og á henni er lítilsháttar grasvöxtur sem er annars ekki á tóftinni. Veggir eru um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Nyrsta hólfid í tóftinni er 5,5x2 m að innanmáli. Þar sunnan við er hólf sem er 4,5x2 m að innanmáli. Op er úr því til suðurs í lítið hólf sem er 3x2 m að innanmáli. Það er eina hólfid sem snýr ASA-VNV en hin snúa eins og tóft. Syðsta hólfid er það stærsta og er 15x3 m að innanmáli. Tóft 10 er 20 m ASA við tóft 11. Það er ung fjárhústóft sem skiptist í þrjú hólf en hún er byggð ofan á eldri tóft 10b. Fjárhústóftin er 22x8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir tóftarinnar eru 1,2 m á hæð þar sem þeir eru hæstir í miðri tóft. Þar er stærsta hólfid, fjárhús sem er 9x4 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Grjóthleðslur eru í innanverðum veggjum þess en ekki í öðrum hólfum. Í hleðslum sjást 3 umför. Op er á hólfinu í norðvesturhorni og það á einnig við um hin tvö hólfín. Í norðurenda hólfins er jarðvegsbálgur, mögulega leifar af garða. Hann er um 4 m á lengd og 1 m á breidd. Í norðurenda tóftarinnar er hólf sem er 3x2 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Það er mun lægra en hin tvö hólfín og virðist lítillaga niðurgrafið. Í suðurenda tóftar er hólf sem er 2,5x2 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Veggir í tóftinni eru 1,5 m á breidd. Undir tóft 10 eru ummerki um eldri tóft 10b og sjást þau best í norðurenda. Hún virðist vera 30x12 m að stærð og snýr eins og yngri tóftin. Hleðslur hennar eru útflattar. Tóft 9 er 12 m sunnan við tóftir 10/10b. Hún er einföld og opin til í suðurenda. Tóftin er 10x6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Tóftin virðist geta verið frá elstu tíð en þó vex í henni gras og innri brún austurveggjar er mjög skýr. Tóftin kann að hafa verið endurnýtt á yngsta tímabilinu en einnig getur verið að þetta sé ummerki um prufuholu Daniel Bruun þegar hann skráði minjarnar 1896. Tóft 8 er 28 m norðaustan við tóft 9 og 27 m ASA við tóftir 10/10b. Hún er einföld, ferhyrnd tóft sem er 8x7 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru 2 m á breidd og hæstir eru þeir 0,6 m. Ekki sést skýrt op á tóftinni en líklegast er að það sé til NNA. Tóft 4 er 23 m suðaustan við tóft 8. Það er ung tóft, útihús með hlöðu eða heykumli, sem byggð er ofan á eldri tóft 4b. Yngri tóftin er tvískipt og er 12x6 m að stærð, snýr NNV-SSA. Í norðurenda er skýrt hólf sem er 5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er í norðvesturhorni og er það 1 m á breidd. Grjóthleðslur eru í innanverðum veggjum hólfins og sjást 7 umför í þeim. Veggjahæð innanmáls er 1,4 m. Í suðurenda tóftarinnar er lítið hólf sem er 3x1,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Grjóthleðslur sjást ekki í veggjum þess. Ekki er sýnilegt op á hólfinu og ekki sést op á milli hólfna. Utanmáls eru hleðslur um 1 m á hæð, hæstar í stærra hólfinu. Leifar af eldri tóft 4b sjást best NNV við yngri tóftina. Þar er flatur stallur, líklega veggur, sem er 0,5 m á hæð í NNV-enda. Hann er vaxinn sama gróðri og er umhverfis en yngri tóftin er hins vegar öll grasi gróin. Í eldri hluta virðist vera eitt hólf sem sést aðeins að hluta. Tóft 1 er 16 m austan við tóft 4. Þar er ung tóft byggð ofan í eldri tóft 1b. Yngri tóftin er tvískipt og er 8x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í vesturhorni hennar er op inn í hólf sem er 3x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Tóftin er öll gróin og grasi vaxin en í þessu hólfu sést í grjóthleðslur

þó að ekki sjáist fjöldi umfara. Í suðausturenda tóftarinnar er lítið hólf sem er 2x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er op á því. Veggir tóftarinnar eru 0,5 m á hæð utanmáls. Lítið sést af tóft 1b en hún virðist vera 13x7 m að stærð og sambyggð innri garði 18. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur. Eitt hólf í henni sést norðvestan við yngri tóftina. Það er 3,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Allbreitt op er á því í suðurhorni sem kann að hafa myndast þegar yngri tóftin var byggð. Hleðsluhæð í eldri tóftinni er 0,2 m. Tóft 5 er 22 m SSV við tóft 4. Þar er bæjartóft Þingeyjar og er hún byggð ofan á eldri tóft 5b. Tóftirnar eru grasi vaxnar, sem og talsvert svæði í kringum þær, einkum til suðurs. Á bæjartóft 5 er hins vegar dökkgrænni og kröftugri grasgróður en annarsstaðar. Tóft 5 er um 12x14 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún skiptist í fimm greinanleg hólf. Sunnan við miðja austurhlíð tóftarinnar er gengið inn göng til vesturs. Á vinstri hönd er op til suðurs inn í ógreinilegt hólf sem er 2,5x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Við vesturenda ganganna er hólf sem er 2x2 m að innanmáli. Op er úr því til norðurs inn í lítið hólf sem er svipað að stærð og úr því er svo ógreinilegt op til austurs inn í lítið hólf, alldjúpt, sem er einnig um 2x2 m að innanmáli. Í austurenda tóftarinnar, norðan við göngin, er op inn í lítið hólf sem er 1,5x1,5 m að innanmáli. Norðan við það er flatur stallur þar sem ætla má að hafi verið sjötta hólfíð en innanmál þess sést ekki. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir hæstir um 1 m utanmáls. Tóftin er öll vel grasi gróin og ekki sést fjöldi umfara í veggjum en hleðslugrjót sést í bæjargöngunum. Eldri tóft 5b sem er undir bæjartóftinni er 33x20 og snýr nálega austur-vestur. Ekki er alveg augljóst að hún sé undir allri bæjartóftinni en það virðist sennilegt. Í þeirri tóft er hægt að greina þrjú hólf. Austan við bæjartóft 5 er langt hólf sem er 13x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Bæjartóftin virðist vera ofan á því vestanverðu og hefur það líklega verið breiðara. Mörk þess til suðurs eru óljós. Op er úr þessu hólf til norðurs í lítið hólf sem er 2x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Austan við langa hólfíð er hólf sem er 3,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er úr því til norðurs. Ekkert grjót sést í veggjum þessarar tóftar og mesta hæð veggja er 0,5 m. Tóft 6 er 5 m sunnan við bæjartóft 5, á grasi grónum og nokkuð sléttum bletti í gömlum, grónum farvegi. Tóftin er einföld og ferhyrnd, er 8x7 m að stærð og snýr ASA-VNV. Veggir tóftarinnar eru víðast um 1 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Ekki er augljóst op á tóftinni en það kann að hafa verið í suðausturhorni. Ekkert grjót sést í veggjum tóftarinnar sem er grasi gróin. Daniel Bruun teiknar tóft 7 inn á sinn uppdrátt frá 1896 en Brynjúlfur Jónsson skráði hana ekki og hún sást hvorki við vettvangsathuganir 2004 né 2016. Í skýrslu FSÍ um þingstaðinn og uppmælingu á honum frá 2004 er greint frá því að á loftmynd virðist vera ógreinileg tóft sunnan við tóft 11 sem gefin er númerið 16. Þessi tóft sást ekki á vettvangi 2016 og er því ekki gerð nánari grein fyrir henni.

Minjarnar á þingstaðnum eru friðlýstar. Þær virðast vera frá a.m.k. þremur tímabilum og fá þau númer til aðgreiningar. Frá tímabili 3 eru yngstu minjarnar en þær eru frá 19. öld, þeim tíma þegar nýbýlið Þingey var í ábúð. Frá þessum tíma eru tóftir 1, 5, 6, 4 og 10. Eldri minjar eru undir öllum þessum tóftum nema tóft 6. Ekki er ljóst frá hvaða tíma eldri minjarnar eru en líklegt er að flestar þeirra séu frá elstu tíð, eða tímabili 1. Fimm mannvirki eru fornleg en virðast yngri en elstu minjar á svæðinu og tilheyra tímabili 2. Þetta eru tóftir 14 og 20, gerði 2, garðlag 17 og sambyggt gerði 21. Að auki er syðsta hólfíð í tóft 11 yngri viðbót og gæti hafa tilheyrt þessu tímabili. Veggjahleðslur í tóftum frá þessu tímabili eru mun hærri og mjórri en í elstu tóftunum. Hleðslur í gördum frá þessu tímabili eru lægri og mjórri en í elstu gördunum. Elstu minjar á svæðinu eru frá þingtímanum, tímabili 1, en ætla má að þær séu frá 10.-12. öld, mögulega fram á 13. öld. Í þennan flokk falla tóftir 3, 8, 9, 11, 12, 13 og garðlög 18 og 19 auk eldri minja undir tóftum frá tímabili 3 sem áður hafa verið nefndar.

**Hættumat:** í hættu

**Heimildir:** Ö-Þingey, 2-3; Friðlýsingarskrá, 40; LÞ I, 300-301; KE: Arngrímur málari, 102; DB: Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár, 183-184; BJ: "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905", Árbók 1906, bls. 3-6; Þingvellir og þinghald að fornu FS294-02143, 33-34; Þingstaðarannsóknir 2004, FS275-02142

**SB-272b:002** heimild vað

X 569109 Y 584891

Í bók Daniel Bruun, *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, segir: "Land er hér flatt eins og annarsstaðar á eygni. Bakkarnir að austurkvísl fljótsins eru allbrattir en ekki ýkjaháir. Breiður tangi gengur þar út í fljótið, sem það sveigir fyrir. Sunnan við hann er fljótið reitt. Fornar reiðgötur austan þess vitna um að þetta vað hefur verið notað af þeim, sem sóttu á þingstaðinn úr austri." Ekki er ljóst hvar nákvæmlega farið var yfir í Þingey austan frá en víða var hægt að vaða yfir Glaumbæjarkvíslina. Vera má að vaðið hafi verið þar sem varða 009 er en það kann einnig að hafa verið litlu sunnar, í sveig á ánni til suðvesturs, fyrir miðjum uppblásturssvæði sem nær yfir alla Þingey frá norðaustri til suðvesturs. Þetta meinta vað er um 700 m sunnan við þingminjar á Þingvöllum 001 og 350 m sunnan við vörðu 009.

Lágur uppblásinn bakki er í Þingey þar sem meint vað er á ánni. Bjúgey er beint austur af því og eru bakkar hennar einnig lágir að vestanverðu. Hún er að mestu gróin en rof er á vesturjaðri hennar. Kvíslin sem vaðið er á er um 40 m breið og virðist hvorki mjög djúp né straumhörd á þessum stað.

Engar götur eða önnur ummerki sjást við vaðið í Þingey en líklegt er að uppblásturssvæðið suðvestan við það hafi myndast vegna mikillar umferðar um það svæði, einnig frá Sandbrotavaði 005 sem er við suðvesturenda uppblástursins vestast á Þingey. Í Bjúgey má sjá óljósar götur sem liggja að vaðinu úr norðaustri og suðaustri á loftmyndum og enn austar, á Fljótsheiði, má sjá miklar götur liggja að suðurenda Bjúgeyjar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**DB, *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, 182

**SB-272b:003** *Lambavað* heimild vað

X 568020 Y 581965

"Sunnarlega yfir Glaumbæjarkvísl er einna bezta vaðið, þar sem heitir Lambavað. Að því liggur ruddur vegur ofan af Fljótsheiði, það er spöl fyrir norðan suðurodda eyjarinnar," segir í örnefnaskrá. Í grein Brynjúlfs Jónssonar sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1906 segir: "Yfir austurkvíslina má víða ríða. Þar er einna bezta vaðið spölkorn fyrir norðan suðurodda eyjarinnar. Austan að því vaði liggur, ofan af Fljótsheiði, ruddur vegur, fornlegur mjög, sem nú hefir eigi verið notaður svo lengi sem menn vita til." Vaðið er tæpum 200 m norðaustan við beitarhús 006 og tæpa 3,8 km sunnan við þing 001. Á þessu svæði er víða hægt að fara yfir ána að sögn Ólafs Haraldssonar, heimildamanns. Grynningar eru í ánni og hún er hvergi mjög djúp. Hins vegar er hún stórgrýtt og ekki sést til botns.

Vaðið er við suðausturhorn Þingeyjar. Til austurs er brött, gróin hlíð Fljótsheiðar en til suðurs eru gróin tún frá Fljótsbakka. Bakkar Þingeyjar eru um 1 m á hæð en ekki er erfitt að komast þar upp. Eyjan sjálf er gróin fjalldrapa, mosa og öðrum móagróðri og er stórbýfð.

Á þessu svæði er Glaumbæjarkvísl um 60-80 m á breidd og a.m.k. 1 m á dýpt. Hún rennur til norðausturs og botninn er stórgrýttur. Hvergi sér til gatna eða rásar þar sem farið var yfir ána. Ekki sér heldur til rudda vegarins sem talað er um í örnefnalýsingu, niður Fljótsheiði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Þingey, 1; BJ: "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905" Árbók 1906, bls. 3-6.



Mynd 17. Lambavað 272b:003, horft til suðausturs.





Mynd 18. Skipapollur 272b:004, horft til norðurs.

"Ullarfoss [sjá 008] er, þar sem áin steypist niður í fögrum og háum fossi. Neðan hans er Skipapollur. Fornar sagnir eru um, að þangað hafið gengið skip og verið bundið við járnhring þar í berginu. Vel gæti þetta verið vegna þess hve hallinn er jafn neðan þessa til sjávar," segir í örnefnaskrá. "Vesturhluti austurkvíslarinnar, sá er skilur Skuldaþingsey frá aðaleynni, fellur norður af brúninni um háan og fagran foss, er heitir Ullarfoss [008]. Gæti hugsast, að nafnið væri myndað af froðunni neðan undir honum. Þar er djúpur og víður hylur. Hann heitir Skipapollur. Er sagt að þangað hafi Skjálfafljót verið skipgengt í fornöld og þar verið skipalægi. Og nokkuð er það, að kalla má

hallalaust til sjávar. Rennur fljótið þar á eyrum, sem af árburði eru myndaðar. Má eigi vita, hve mikið þær kunna að hafa aukist síðan landið bygðist." segir í grein Brynjúlfs Jónssonar frá 1905. Skipapollur er norðan við Þingey og Skuldaþingsey. Ullarfoss rennur þarna fram af hraunbrúninni og er þetta lítið annan en stór, lygn hylur. Til norðurs eru eyrar í ánni og grynningar sem afmarka hylinn. Að sögn Vésteins Garðarssonar, heimildamanns, er Skipapollur ekki djúpur, yfir leitt er hann um 2,5 m á dýpt en á einum stað er hann yfir 11 m djúpur.

Skipapollur er um 580x370 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er lyng, stór og áberandi í Skjálfafljóti. Til suðurs afmarkast hann af björgum og klettum, í bæði Þingey og Skuldaþingsey. Til norðurs eru grynningar og malareyjar. Afar ólíklegt er að hér hafi nokkru sinni verið skipalægi.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Þingey, 1; BJ: "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905" Árbók 1906, bls. 3-6

"Aðalvatnmagn fljótsins er í vesturkvíslinni og fátt um góðar leiðir þar yfir. Þó er þar Sandbrotavað nokkuð sunnan við Barnafell í Kinn. Dregur það nafn af uppblæstrinum, sem þarna hefur löngum herjað," segir í örnefnaskrá. "Er eyjan á að gizka nálægt 1 míla að lengd, en tiltölulega mjó. Hún er öll vaxin fjalldrapa. En uppblásturgeiri liggur skáhalt yfir um hana, frá suðvestri til norðausturs, skamt frá



Mynd 19. Sandbrotavað 272b:005, horft til SSV.

suðurenda hennar. Þar er vað á vesturkvíslinni, kallað Sandbrotavað og er það skamt frá bænum Barnafelli í Köldukinn." segir í grein Brynjúlfs Jónssonar frá 1905. Sandbrotavað er við stóra bingu á Skjálfafljóti, þar hún byrjar að beygja til suðausturs, við norðurbakka uppblásturssvæðisins. Þar er brot í ánni sem líklega var farið yfir. Þar eru nokkrar litlar vörður [sjá 021] sem gætu tengst leiðinni sem lá yfir vaðið. Einnig gæti varða 011 verið hluti af leiðinni og farið yfir austurkvíslina við vað 002. Sandbrotavað er 2,3 km suðvestan við þing 001.

Flatlent landsvæði og stórpýft. Nokkuð grýtt



við árbakkann og mikið rof. Sú gróðurþekja sem er á svæðinu er mestmegnis lyng og kjarr. Vaðið er ekki langt frá stóru rofi sem liggur yfir suðurhluta eyjunnar þveran.

Vaðið er þar sem brot er í ánni og gæti nafnið verið dregið að hluta af því. Þetta brot í ánni virðist vera líklegasti staðurinn fyrir vað í vesturkvíslinni á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Þingey, 2; BJ: "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905" Árbók 1906, bls. 3-6.

**SP-272b:006** tóft beitarhús

X 567882 Y 581832

"Syðst á eyjunni eru gamlar rústir, er gætu verið eftir beitarhús frá Fljótsbakka. Annars er syðsti hluti eyjunnar blásinn," segir í örnefnaskrá. Tóftin er 4 km sunnan við þingstað 001 og um 100 m vestan við Lambavað 003. Tóftin er syðst á eyjunni, rétt norðan við syðsta tangann. Hún er fornleg og sker sig lítt úr nánasta umhverfi. Hún er þó yngri en þingminjarnar.

Þingey er flatlend og algróin. Þarna er gróið hraun en hér og þar glittir í staka steina þar sem hraunið kemur upp úr sverði. Skjálfafljót rennur um 20 m sunnan við tóftina og skiptist í tvær kvíslar, Glaumbæjarkvísl til austurs en Skjálfafljót til vesturs.



Tóftin er 23 x 8,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvö hólf en veggirnir eru útflattir og skera sig lítt úr nánasta umhverfi. Veggir tóftarinnar eru 2-2,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Þeir eru mosavaxnir, einir og fjalldrapi eru áberandi á þeim nema til suðurs, þar er gras á kafla. Hólf 1 er norðaustar. Það er 7 x 2 m að innanmáli og hvergi sést op á yfirborði. Hólf 2 er suðvestar og er 3 x 2 m að innanmáli. Það snýr einnig norðaustur-suðvestur líkt og hólf 1 og ekkert op sést þar inn né á milli hólfna. Ekki er að sjá fleiri minjar á svæðinu.

**Hættumat:** í hættu

**Heimildir:** Ö-Þingey, 2

**SP-272b:007** Hengingarklettur Gálgaklettur örnefni aftökustaður X 568721 Y 586773

"Allangt norðan þingstaðarins eru í Þinglág [grasi vaxinn, hlykkjóttur kvíslarfarvegur sem liggur eftir endilangri eyjunni] tveir klettur hvor hjá öðrum, nefndir Hengingarklettur. Segir nafnið sitt um hlutverk þeirra," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Lýsing Þingeyjarsýslu segir um Hengingarkletta: "Þar heita, norðar frá þingstaðnum, Gálgaklettur, sinn hvorum megin farvegarins og svo mjótt á milli, að vel mátti leggja tré yfir. Í bókinni Íslenzkir sögustaðir eftir Kristian Kálund er einnig fjallað um staðinn. Þar segir: "Tveir klettur eiga að vera við þingstaðinn og hafi þar verið settur gálgi. Séu þessi munnmæli áreiðanleg, hlýtur að hafa verið þingið þarna eftir lok þjóðveldisaldar." Í bók Kristjáns Eldjárns um Arngrím málara eru m.a. birt bréf og uppdráttur af Þingey sem skrifuðu voru af Arngrími til Sigurðar Guðmundssonar árið 1867. Þar segir: „ ... og þar segja munnmælin að allar þingskuldir hafi verið loknar og sumir



Mynd 21. Hengingarklettur 272b:007a, horft til NNV.

glæpamenn verið hengdir milli tveggja kletta við Ullarfoss og síðan kastað í fossinn. En aftökustaður þjófa átti að vera í Þinglág við Þjófakletta. Á milli þeirra eru 4 ál. en 7. ál háir. Þar á milli áttu þjófar að vera hengdir.“ Þinglág dýpkar og breiðkar eftir því sem norðar dregur. Á tveimur stöðum í henni eru klettabelti og stakir stórir steinar, báðir hafa verið taldir Hengingarklettur. Á uppdrætti eftir Brynjúlf Jónsson sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1905 eru þeir við syðri klettabeltið en á uppdrætti Arngríms Málara frá 1867 eru nyrðri klettarnir taldir Hengingarklettur. Til hægðarauka var tekið hnit á báðum þessum

stöðum enda ekki hægt að skera úr um þetta mál með vissu. Hnit A er við syðri klettana en hnit B við þá nyrðri. Hengingarklettur eru um 1,2 – 1,7 km NNV við þing 001.

Þinglág er algróin, um 10-20 m breið og um 5-8 m djúp á þessu svæði. Klettur eru ofarlega í henni og stórir steinar og björg sem fallið hafa niður í hana við klettabeltin.

Syðri klettarnir eru rúman 1,2 km norðan við þingstaðinn og þar sýnir Brynjúlfur Hengingakletta á teikningu sinni. Þarna eru nokkrir klettur sem fallið hafa niður og hamrar beggja vegna við Þinglág. Á milli tveggja bjarga í láginni má vel hugsa sér að hægt hefði verið að gera gálga. Hið sama má segja um nyrðri staðinn sem merktur er á uppdrætti Arngríms málara, hann er 1,7 km NNV við þingið. Þar er láginn þrengri og örlítið dýpri en þar er einnig hægt ímynda sér að gálgi hefði getað verið á milli kletta.

**Hættumat:** í hættu

**Heimildir:** Ö-Þingey, 2; LÞ I, 301; KK: Íslenskir sögustaðir III, 118; BJ: "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905" Árbók 1906, bls.3-6; KE, Arngrímur málari, 103, 194

**SP-272b:008** *Ullarfoss* örnefni þvottastaður

X 568263 Y 587310



Mynd 22. Ullarfoss 272b:008, horft til ASA.

"Ullarfoss er, þar sem áin steypist niður í fögrum og háum fossi. Neðan hans er Skipapollur [sjá 004]," segir í örnefnaskrá. Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905 segir: "Vesturhluti austurkvíslarinnar, sá er skilur Skuldaþingey frá aðaleyinni, fellur norður af brúninni um háan og fagran foss, er heitir Ullarfoss. Gæti hugsast, að nafnið væri myndað af froðunni neðan undir honum. Þar er djúpur og víður hylur. Hann heitir Skipapollur." Fossinn er í norðurenda Þingeyjar, tæpum 1,9 km norðan við þing 001, þar sem áin rennur á milli Þingeyjar og Skuldaþingeyjar og steypist svo niður

í Skipapoll. Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslu* segir: "Foss þessi er nefndur Ullarfoss. Dregur hann nafn af hvítfyssi, og "mökkur sem upp af honum leggur." Í óútgefni skýrslu sem gerð var 1995 af Dögg Matthíasdóttur og ber heitið *Þingey* segir: "Ullarfoss. Ullur var hafður af höfuðguði sums staðar

á Norðurlöndum og fjöldi örnefna og helgistaða heitir eftir honum. Fornmenn lögðu á það trúnað að landvættir eða jafnvel æsir gistu fossa og yðu það einhverjir mestu helgistaðir. Bárður Bjarnason landnámsmaður er tæplega talinn hafa flutt skip sitt upp í Skipapoll sem er 24 km frá sjó en í hann fellur Ullarfoss og er Bárður talinn hafa nefnt fossinn eftir höfuðguðnum. Einnig eru þó til munnmæli að fossinn sé nefndur eftir úðanum sem hann myndar er hann fellir í Skipapoll." Dögg vísar ekki í heimildir máli sínu til stuðnings og því ekki vitað hvaðan hún fær þessar heimildir. Ullarfoss er 1,9 km norðan við þing 001, við norðausturhorn Þingeyjar.

Eyjan er frekar flatlend á þessu svæði en umlukin háum og miklum klettabeltum þar sem Skjálfandafljót rennur og steypist niður þar sem Ullarfoss er. Flatlendið er lyngi- og kjarrivaxið og nokkuð um litlar lautir og dældir. Það verður að teljast afar ólíklegt að þvottur hafi verið þveginn við fossinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þingey, 1; BJ:"Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905" Árbók 1906, bls. 3-6; SSP, 114; Dögg Matthíasdóttir, 4

**SP-272b:009** varða samgöngubót

X 569058 Y 585238

Lítill varða er á hraunkambi á vesturbakka Glaumbæjarkvísar Skjálfandafljóts þar sem áin rennur vestan við Bjúgey. Varðan er um 330 m sunnan við þingstaðinn á Þingvöllum 001.

Varðan er á láglandu og fremur flatlandu svæði sem hefur blásið upp en er að miklu leyti gróið aftur næst ánni. Gróður á þessu svæði er heldur rýr, holtagróður og stöku birkitré. Allhá brún er í eyjunni litlu norðvestan við vörðuna.

Varðan er um 0,5x0,3 m að grunnfleti og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,5 m á hæð og í henni sjást 3 umföör steina ef neðsti steinninn er talinn með en hann er allstór og kann að vera á sínum upprunalega stað. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegt er að hún hafi vísað á vað í ánni. Áin er ekki breið og virðist hvorki djúp né straumhörd þar sem hún rennur á milli Þingeyjar og Bjúgeyjar. Ekki sjást götur á þessu svæði í Þingey og á loftmyndum er ekki hægt að greina götur sem liggja um Bjúgey að þessu vaði. Varðan virðist ekki mjög forn en aldur hennar er ekki þekktur.

**Hættumat:** í hættu



Mynd 23. Varða 272b:009, horft til norðvesturs.

**SP-272b:010** Þinglág heimild leið

X 568702 Y 585392

Í bók Daniel Bruun, *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár* segir: "Eyjan er allstór og flatlend, í hana verður farið á vaði [ Sandbrotavaði 005] á vesturkvíslinni spottakorn norðan við suðurenda hennar [...]. Síðan er haldið áfram norður eftir og þá í sveig yfir á eyna austanverða eftir mjórri og fremur grunnri lág, sem að sögn Kálunds heitir Þinglág. Eftir um 20 mínútna eða hálftrar stundar reið er komið á þingstaðinn, svonefnda Þingvelli [001] austan á eyinni." Í bók Kristjáns Eldjárns um Arngrím Gíslason málara er birt skýrsla og uppdráttur Arngríms frá árinu 1867 á minjum í Þingey. Uppdráttinn gerði hann fyrir Sigurð Guðmundsson málara og umsjónarmann Fornminjasafns Íslands. Þar segir: "Þingláginn er ekki að öðru merkileg en að sjá má sumstaðar til gamals vegar í henni, og eru munnmæli að hún hafi verið riðin norðar og yfir fljótið neðan við Skipapoll [008] og svo í Skuldaþingsey [268:008] [...]." Í riti Kristians Kálund, *Íslenskir sögustaðir III* segir: "Þegar komið er yfir vaðið [á vesturkvísl Skjálfandafljóts, mögulega Sandbrotavaði 005], sést mjó laut, sem liggur norður eftir, öll rákuð gömlum reiðgötum. Nefnist hún Þinglág." Ekki sér til greinilegra gatna í Þinglág en víða eru þúfur og óljósir paldrar. Þrátt



fyrir að eyjan sé fremur flatlend eru víða hraunhólar og lágur gjótur sem gerir hana fremur erfiða yfirferðar. Þinglág hefur verið besta vegstæðið og liggur farvegurinn eftir eyjunni endilangri.

Þinglág er sem fyrr segir gróinn og grunnur árfarvegur. Þar ofan í var eflaust hentugasta leiðin eftir eyjunni, bæði fyrir ríðandi og gangandi fólk sem var þarna á ferð. Vörður 021 eru við Sandbrotavað 005 og eru í suðurenda Þinglágur en eru eflaust hluti af yngri mannvirkjum í eyinni.

**Hættumat:** í hættu

**Heimildir:** DB: Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár, 182; KE: Arngrímur málari, 103; KK: Íslenskir sögustaðir III, 117

**SB-272b:011** varða óþekkt

X 569031 Y 584753



Mynd 24. Varða 272b:011, horft til norðausturs.

Lítill varða er í norðausturjaðri uppblásins svæðis, í austurhluta Þingeyjar, skammt vestan við Glaumbæjarkvísl. Ekki er ljóst hver tilgangur hennar er, mögulega er hún vegvísir að vaði 002 sem er rétt norðar og að vörðu 009 sem er tæpum 500 m norðar. Varðan er rúmum 800 m sunnan við þing 001.

Varðan er á láglandu og fremur flatlandu svæði sem hefur blásið upp en er að miklu leyti gróið aftur næst ánni. Varðan er í jaðri svæðisins sem gróið hefur upp, vestan hennar er sandur og hraunhólar, margir þeirra strýtulaga.

Varðan er lítið annað en fjórir steinar sem staflað hefur verið upp ofan á lágan klett. Varðan er 0,2 m á hæð og

0,5x0,5 m að grunnfleti. Kletturinn er 0,2-0,3 m á hæð og því sést varðan ágætlega þrátt fyrir að vera fremur smá í sniðum.

**Hættumat:** í hættu

**SB272b:012** varða óþekkt

X 568659 Y 586480



Mynd 25. Varða 272b:012, horft til norðvesturs.

Stæðileg varða er 950 m norðan við þing 001 og 300 m sunnan við Hengingarkletta 007A. Varðan er á austurbrún hraunholts sem er í norðvesturhluta eyjunnar. Þingey er hæst á þessu svæði. Varðan sést víða að og er áberandi kennileiti á eyjunni. Hún er líklega ekki mjög forn og gæti tengst búsetu í eyinni á 19. öld.

Varðan er austast á lágu hraunholti og bratt er til austurs, niður frá henni. Þar er 2-3 m gróin hraunbrún sem liggur austur-vestur. Allt umhverfis vörðuna er gróið svæði, lyng, einir og fjalldrapi þar mest áberandi. Víða koma hraunklettur og -hólar upp úr sverði uppi í hruninu.


Varðan er á hraunkletti. Hann er 0,3-0,5 m á hæð og 3x2 m að stærð. Varðan sjálf er 1 m á hæð og grjóthlaðin. Það má greina 6 umför af hraungrýti í henni og stendur hún enn. Varðan er strýtulaga og grjótið skófum vaxið. Vegna samanlagðrar hæðar vörðunnar og klettsins er þetta eitt hæsta mannvirkið sem sést í Þingey.

**Hættumat:** í hættu

**SP272b:013** tóft byrgi

X 568676 Y 586206

Tóft er tæpa 280 m sunnan við vörðu 012 og um 700 m norðvestan við þing 001. Tóftin er uppi á sömu hraunbrún/holti og varða 012 en hún fer lækandi til suðurs á þessu svæði. Tilgangur tóftarinnar er óljós, hér er um lítið byrgi eða kofa að ræða, annað hvort smalakofa eða jafnvel skothús. Frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það. Tóftin er líklega ekki mjög forn og er hluti af yngri mannvirkjum í Þingey. Tóftin er uppi á hraunhrygg sem liggur austur-vestur. Fyrir sunnan hana er bratt niður í gróinn lautarbolla.



Mynd 26. Tóft 272b:013, horft til norðvesturs.

Tóftin er 2,5x2 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin og náttúrulegir hellusteinir, reistir upp á rönd, eru hluti af veggjahleðslum á tveimur stöðum. Hellurnar eru í suðausturhorni og til vesturs. Veggirnir eru 0,4-0,5 m á hæð og það eru 2-3 umför af grjóthleðslum í þeim. Nokkrir steinar eru áberandi stærstir en grjótið er annars fremur smátt. Ekkert op sést inn í tóftina en í norðvesturhorni er lítil hola eða gjóta sem hægt er að smjúga í gegnum fyrir smávaxið fólk eða dýr. Ekki virðist hafa verið þak yfir tóftinni. Veggirnir eru fremur óreglulegir og hvassir vegna hellnanna sem í þeim eru.

**Hættumat:** í hættu

**SP272b:014** varða óþekkt

X 568523 Y 585554

Lítill varða er rúmum 480 m vestan við þing 001 og tæplega 940 m sunnan við vörðu 012. Hún er uppi á ávölum hraunhól en í honum er gamalt greni. Ekki er útilokað að tilgangur vörðunnar sé að merkja grenið. Varðan er umfangslítill og líklega ekki mjög forn.

Á þessu svæði er gróið hraun. Víða kemur grjót og ílangir hraunhryggir uppúr sverði. Á milli þeirra eru grónir hraunbollar og lautir.

Varðan er gerð úr tveimur steinum sem eru uppi á jarðföstum mun stærri stein. Í heildina er varðan 0,5 m á hæð og 1x1 m að grunnmáli. Neðsti steinninn myndar stóran hluta vörðunnar sem er vaxin skófum.

**Hættumat:** í hættu



Mynd 27. Varða 272b:014, horft til norðvesturs.



**SP-272b:015** varða óþekkt

X 568353 Y 586347



Mynd 28. Varða 272b:015, horft til suðvesturs.

Lítill varða er á hraunkambi 1 km sunnan við Ullarfoss 008, fljótlega eftir að landið hækkar nokkuð til suðurs. Hún er 350 m austan við Skjálfandafljót og 1 km norðvestan við þing 001. Varðan er sú nyrsta í röð varða sem liggja uppi á holtinu frá norðri til suðurs, nánast í beinni línu.

Landið liggur nokkuð hærra á þessum hluta eyjunnar. Vestast er gengið upp á nokkuð hátt holt. Þar er mikið um stórbýfi, hraunkamba og hraunnibbur. Gróðurþekja er að mestu lyng, kjarr og mosi.

Varðan er hlaðin úr hraungrýti, uppi á hraunnibbu sem stingst upp úr jörðinni og myndar smágerða gjótu. Stærra hraungrýti hefur verið staflað neðst og smærra

grjóti þar ofan á. Hún myndi seint kallast vandlega hlaðin. Varðan er 0,8 m á hæð og er metri í þvermál neðst en minnkar nokkuð upp á við. Það sést í þrjú umför af hraungrýti.

**Hættumat:** í hættu

**SP272b:016** varða óþekkt

X 568438 Y 586090



Mynd 29. Varða 272b:016, horft til vesturs.

Varða er uppi á hraunkambi rúma 270 m suður af vörðu 015 og er önnur varðan frá norðri í röð varða á þessu svæði. Hún er um 500 m frá Skjálfandafljóti og rúma 760 m frá þingi 001. Tveimur metrum norðan við vörðuna er lág í landslaginu.

Landið liggur nokkuð hærra á þessum hluta eyjunnar. Vestast er gengið upp á nokkuð hátt holt. Þar er mikið um stórbýfi, hraunkamba og hraunnibbur. Gróðurþekja er að mestu lyng, kjarr og mosi. Ílangar lágir liggja uppi á holtinu frá austri til vesturs sem eru þó ekki mjög djúpar.

Varðan er uppi á stórum hraunkambi. Varðan er 0,7 m há, 0,8 x 0,7 m að stærð og snýr norður-suður.

Hún er ágætlega hlaðin, með tveimur stórum flötum

hlaunhellum sem liggja upp á hlið og á milli þeirra eru 4 umför af minna hraungrýti sem hefur verið raðað þar á milli. Hún er betur hlaðin vestan megin og þar má sjá tvö grýti hlið við hlið neðst sem endar svo í einu efst.

**Hættumat:** í hættu

**SP272b:017** varða óþekkt

X 568358 Y 585912

Lítill varða er á hraunnibbu rúma 740 m norðvestan við þing 001 og 200 m SSV við vörðu 016. Varðan er þriðja varðan frá norðri í röð varða sem liggja uppi á holtinu frá norðri til suðurs í nokkurn veginn beinni línu.

Landið liggur nokkuð hærra á þessum hluta eyjunnar. Vestast er gengið upp á nokkuð hátt holt. Þar er mikið um stórbýfi, hraunkamba og hraunnibbur. Gróðurþekja er að mestu lyng, kjarr og mosi. Ílangar lágir liggja uppi á holtinu frá austri til vesturs sem eru þó ekki mjög djúpar.

Varðan er hlaðin ofan á stóra hraungrýtisnibbu sem stendur upp á rönd í landslaginu, 1,5 m að lengd og 0,5 m að breidd. Efst er þremur hraungrýtissteinum raðað hver ofan á annan og mynda þessa óvandlega hlöðnu vörðu. Ef stóra hraungrýtisnibban sem varðan stendur á er mæld með þá er hæðin 1,1 m en þar

af er hleðslugrjótið sjálft aðeins 0,4 m.

**Hættumat:** í hættu



Mynd 30. Varða 272b:017, horft til vesturs.

**SP272b:018** varða óþekkt

X 567982 Y 585895

Varða 018 er hlaðin á lítinn hól sem er 1 km vestan við þing 001 og tæpa 380 m vestan við vörðu 017. Hún er 150 m frá vesturenda eyjunnar. Hún er fjórða varðan frá norðri í röð varða sem liggja uppi á holtinu frá norðri til suðurs í nokkurn veginn beinni línu. Þessi varða liggur þó nokkur hundruð metrum úr línunni, mun nær vesturbakka Skjálfandafljóts en hinar.



Mynd 31. Varða 272b:018, horft til suðurs.

Landið liggur nokkuð hærra á þessum hluta eyjunnar. Vestast er gengið upp á nokkuð hátt holt. Þar er mikið um stórbýfi, hraunkamba og hraunnibbur. Gróðurþekja er að mestu lyng, kjarr og mosi. Ílangar lágir liggja uppi á holtinu frá austri til vesturs sem eru þó ekki mjög djúpar.

Varðan er á grónum hraunkambi og er hlaðin úr hraungrýti. Hún gróin neðst og sjást 4 umför af grjóti í henni. Hún er 0,9 m há og 1 m að þvermáli. Hún er ágætlega hlaðin, mun betur en aðrar vörður á holtinu.

**Hættumat:** í hættu

**SP272b:019** varða óþekkt

X 568278 Y 585808

Lítill varða er á lágum hól tæpum 800 m vestur af þingi 001 og um 140 m SSV af vörðu 017. Hún er fimmta og síðasta varðan frá norðri í röð varða sem liggja uppi á holtinu frá norðri til suðurs, nánast í beinni línu.

Landið liggur nokkuð hærra á þessum hluta eyjunnar. Vestast er gengið upp á nokkuð hátt holt. Þar er mikið um stórbýfi, hraunkamba og hraunnibbur. Gróðurþekja er að mestu lyng, kjarr og mosi. Langar lágir liggja uppi á holtinu frá austri til vesturs sem eru þó ekki mjög djúpar.

Varðan er uppi á litlum hól og er að hluta til hrunin. Í vesturhluta hennar má þó sjá 3 umför af hraungrýti sem eru enn uppistandandi. Hún er 1 x 0,7 m að stærð, snýr austur-vestur og er 0,5 m á



Mynd 32. Varða 272b:019, horft til norðausturs.



hæð.

**Hættumat:** í hættu

**SP272b:020** varða óþekkt

X 567794 Y 584457



Mynd 33. Varða 272b:020, horft til norðausturs.

Grjóthlaðin varða er nokkrum metrum frá árbakka Skjálfandafljóts vestanmegin á eyjunni, 20 m norðar en þar sem tvær kvíslarnar renna saman og Barnafoss fellur niður. Varðan er 1,7 km suðvestan við þing 001. Flatlent landsvæði og landið farið að lækka aftur frá holtinu. Gróðurþekja er kjarr og lyng að mestu. Minna um lágir og dældir. Nokkuð grýtt við árbakkann.

Varðan er hlaðin úr hraungrýti og stendur nálægt árbakkanum. Hún er hlaðin upp á litla hraunklöpp sem stendur upp úr jörðinni og er 1,3 m á hæð með henni en 0,9 cm á hæð ef klöppin er ekki talin með. Hún er 1


x 0,5 m að stærð og snýr norður-suður. Varðan er ágætlega hlaðin og sést í 4-6 umför af hraungrýti í henni. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

**Hættumat:** í hættu

**SP-272b:021** varða óþekkt

X 568058 Y 583718

Sex vörður eru á vesturhluta Þingeyjar, í suðvesturenda uppblásturs svæðis. Vörðurnar eru norðan við uppblásturinn og gróin torfa er þar skammt sunnan við og skerst inn í uppblásið svæði. Vörðurnar eru rúman 2,1 km suðvestan frá þing 001 og 180 m norðaustan við Sandbrotavað 005. Þær eru ekki fornar, jarðrask hefur átt sér stað á þessum slóðum og þarna sjást m.a. timburstaurar og ummerki um tilraunir til heftingar uppblástursins. Allt þetta svæði bendir til þess að þarna hafi verið ekið, líklega dráttarvél, en það þarf þó ekki að vera.



Mynd 34. Vörður 272b:021, A og B.

Vörðurnar eru í norðvesturjaðri uppblásins svæði, við vesturkvísl Skjálfandafljóts. Þarna endar Þinglág 010 og Sandbrotavað 005 er á ánni. Þarna er töluvert jarðrask, mögulega vegna tilrauna við uppgræðslu og einna helst lítur út fyrir að vélknúin faratæki hafi farið þarna um en það er ekki hægt að staðfesta að svo stöddu. Hérna er sandur, hraunhólar og grjót mest áberandi.

Vörurnar eru á svæði sem er 80x30 m að stærð og snýr norður-suður. Hér er þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Varða A er nyrst á svæðinu. Hún er 1 m á hæð og grjóthlaðin. Það eru 5-6 umför af hraungrýti í henni. Grunnur hennar er um 1x1 m. Neðsti steinninn er jarðfastur. Varða B er 8 m suðvestar. Hún er 0,7 m á hæð og 2x2 m að stærð. Það sjást 3 umför hraungrýtis í henni. Hún er hlaðin á lágum kletti. Varða C er 30 m suðvestur af vörðu B. Hún er sem fyrr grjóthlaðin, "gat" er í gegnum






Mynd 35. Vörður 272b:021, C og D

neðsta hluta hennar. Hún er 1 m á hæð og 2x2 að grunnfatarmali. Það eru 4 umför af grjóti í henni. Varða D er 30 m suðaustan við vörðu C. Hún er 1,2 m á hæð, strýtulaga og einna stæðilegust af þessum sex vörðum. Hún er 2,5 x 2,5 m að grunnfleti og þar má sjá 5 umför af grjóti. Varða E er 19 m sunnan við vörðu D. Hún er 1x1 að grunnfleti og 0,5 m á hæð. Hún er óregluleg og í henni má sjá 4 umför af grjóti. Varða F er nokkuð austur frá hinum vörðunum og aðeins örðuvísi að gerð. Hún er 30 ANA við vörður E og D. Þarna er búið að stafla þremur steinum ofan á jarðfastan stein, einn þeirra er uppi á rönd. Efsti steinninn er nokkuð hnöttóttur. Jarðfasti steinninn er 0,4 m á hæð og álíka að grunnfleti. Í heildina er varðan um 0,5 m á hæð og sést nokkuð víða að.

**Hættumat:** í hættu



Mynd 36. Vörður 272b:021, E og F

**SP-272b:022** varða óþekkt

X 567834 Y 583954

Hlaðin varða er 5 m frá árbakka Skjálfandaflióts vestan til á eyjunni, 2 km suðvestan við þing 001 og 500 m sunnan við vörðu 020.

Flatlent landsvæði og landið farið að lækka aftur frá holtinu. Minna um lágir og dældir. Nokkuð grýtt við árbakkann. Þarna við árbakkann er nokkuð mikið rof en sú gróðurþekja sem er á svæðinu er mestmegnis lyng og kjarr.

Varðan er hlaðin úr hraungrýti og er 1 metri í þvermál og 1 metra á hæð. Hún er hlaðinn með bæði stærri steinum sem og minni, að norðan eru 4-5 umför af grjóti en 1 stór steinn að sunnan og svo 2 umför hlaðin ofan á hann. Varðan er ekki mjög



Mynd 37. Varða 272b:022, horft til suðurs.


vandlega hlaðin og mikið af holrúmum á milli steina. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.  
**Hættumat:** í hættu

## 4. Niðurstöður


Deiliskráningin í Þingey og Skuldaþingsey var unnin seinni hluta júnímánaðar 2016 og gengu þrír fornleifafræðingar um svæðið. Veðurskilyrði voru mjög góð, heiðríkt og skyggni gott. Rannsóknarsvæðið er rúmlega 620 ha að stærð og náði yfir báðar eyjurnar. Ætla má að rannsóknarsvæðið hafi verið nýtt á margvíslegan hátt í gegnum aldirnar og endurspeglast sú nýting í minjunum 28 sem skráðar voru. Nauðsynlegt er að hafa í huga þann möguleika að fleiri minjar leynist á framkvæmdasvæðinu sem ekki eru þekktar og sjást ekki á yfirborði.

Allar þær fornleifar sem fjallað er um hér eru taldar í hættu vegna mögulegra framkvæmda í framtíðinni. Hér er „framkvæmdir“ notað sem regnhlífarhugtak um allar þær breytingar sem geta orðið á svæðinu vegna framkvæmda s.s. mögulega göngustígagerð, byggingaframkvæmdir eða brúarsmíði. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði þar sem framkvæmda er að vænta. Í mörgum tilfellum ætti að vera auðvelt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja það að framkvæmdir skemmi ekki fornleifar. Rétt er að geta þess að þar sem ekki verður hjá raski komið úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Ástand minjastaðanna er gott og til þeirra sést flestra, einungis fjórir þeirra eru horfnir. Það verður að teljast mjög góð varðveisla og er það sennilega að miklu leyti því að þakka hversu takmarkað aðgengi er út í eyjarnar. Horfnu staðirnir eru þrjú vöð og hin meinta lending í Skipapólli.



Eins og vænta mátti er hlutverk minjastaðanna nokkuð fjölbreytt og sjást þau hér í töfluriti fyrir neðan. Hér kennir ýmissa grasa en samgönguminjar eru algengastar. Alls voru skráðar 11 vörður, þrjú vöð og ein leið, eða 53% af öllum skráðum minjastöðum. En af öðrum minjum sem ber hæst eru þrjú beitarhús, aftökustaður og staðir tengdir fornsögum.



Til einföldunar var ákveðið að fjalla um minjarnar í hvorri eyju fyrir sig í umfjölluninni hér neðar.

### Skuldapingsey

Skuldapingsey er nálega 2 km löng og 700 m breið þar sem hún er breiðust. Í eyinni voru skráðir sex minjastaðir. Þingbúðir 268:008 eru þar umfangsmestar eins og búast mátti við, alls eru tóftirnar 30 talsins. Þingið er í norðvesturhluta eyjarinnar og sjást minjarnar lítið fyrr en að þeim er komið. Minjasvæðið er 230x180 m að stærð og liggur gamall árfarvegur langsum eftir miðju svæðinu. Ítarleg lýsing á þinginu og rannsóknum þar er í kafla 3 hér framar.

Vörður 268:013 og 268:014 eru austurhluta eyjunnar og sjást vel. Þær voru líklega vegvísar að einhverjum hinna minjastaðanna á eyjunni, þ.e. er kolagröf 016 og beitarhúsum 012 og 015. Vörðurnar eru í nánast beinni línu til norðurs frá báðum beitarhúsum. Allar beitarhúsatóftirnar eru fornlegar en sé tekið mið af ástandi þeirra á yfirborði, eru þær að öllum líkindum yngri en þingið. Áhugavert væri að skoða þessa minjar betur og aldursgreina þær.



Það er einnig áhugavert að einungis séu sex minjastaðir í Skuldaþingsey þó að einn þeirra sé vissulega umfangsmikill. Það eru til heimildir um nýtingu eyjunnar til útbeitar í



Mynd 38. Minjastaðir í Skuldaþingsey

gegnum aldirnar en hvert umfang hennar var er ekki vitað. Kolagröfin gefur nýja sýn á þau störf sem þar voru unnin enda ekki skógur á þessum stað nú né heimildir um slíka iðju.

## Þingey

Þingey er tæplega 6 km að lengd og tæplega 1,5 km á breidd þar sem hún er breiðust. Þar voru skráðir 22 minjastaðir og þingstaður 272b:001 er þar umfangsmestur eins og vænta mátti. Það er ljóst að þinginu var raskað með byggingu býlis þar á miðri 19. öld og erfitt er að aðskilja þær minjar frá þingminjum. M.a. eru yngri tóftirnar oftast en ekki byggðar ofan á þingbúðum eða fast við þær. Einnig eru þarna nokkrar tóftir sem falla hvorki undir þingstaðinn né býlið. Þetta sést vel á uppdrætti og umfjöllun hér frammar í skýrslunni, í kafla 3. Í allt voru skráðar 20 minjar á þingstaðnum og er hér bæði um garðlög og stórar og litlar tóftir að ræða. Þetta er afar áhugaverður minjastaður, þar sem ægir saman minjum frá mismunandi tímabilum. Ljóst er að minjarnar á þingstaðnum eru frá a.m.k. þremur tímabilum og er saga þingstaðarins því flóknari en hingað til hefur verið talið. Hengingarklettur 272b:007 tengjast þinghaldinu í eyjunum báðum. Þar áttu aftökur að hafa farið fram en erfitt er að staðfesta hvort svo var eða ekki.

Aðar minjar í eyinni tengjast flestar samgöngum. Syðst í Þingey er Lambavað 272b:003, Sandbrotavað 272b:005 er yfir Skjálfandafljót til vesturs og vað 272b:002 er yfir Glaumbæjarkvíslina, skammt sunnan við þing 272b:001. Ekki sér til neinna ummerkja um leiðir í eyjunum eða vöðin sjálf. Fjölmargar vörður eru í Þingey og þegar dreifing þeirra er skoðuð virðast þær tengjast samgöngum, bæði á milli vaða 272b:005 og 002 og áfram til norðurs. Vörður 022, 020, 015-019 og 012 liggja til norðurs frá Sandbrotavaði 272b:005, eftir vesturbakka eyjunnar og svo til norðausturs eftir svokölluðum Bröttum í átt að Ullarfossi 272b:008. Þær eru ekki í beinni línu, heldur dreifast um norðvesturhluta eyjunnar. Nokkar af þessum vörðum, þó einna helst 012 og 022, eru umfangsmiklar og líklega voru þær notaðar til að merkja einhverja leið eða fyrirfram áveðinn stað sem okkur er nú ókunnur. Vörður 272b:009 og 272b:011 eru á austurbakka Þingeyjar, beggja vegna við vað 002. Ekki er ólíklegt að þær séu hluti af leið sem lá eftir uppblæstrinum á milli Sandbrotavaðs og vaðs 002, áfram að þingstaðnum. Þetta eru þó allt getgátur sem byggjast á dreifingu minjastaðanna. Ekki sér til minja við Þinglág 272b:010, þar var að öllum líkindum greiðfærasta leiðin um Þingey. Ekki sér til gatna þar ofan í eða minja yfir höfuð. Varða 272b:014 er á hraunhól og líklega vísar hún á greni sem er í honum. Fast norðaustan við Sandbrotavað er einnig þyrping af vörðum 272b:021 með óljósan tilgang.

Tvær tóftir, utan þingstaðarins, eru í Þingey. Syðst í Þingey eru beitarhús frá Fljótsbakka. Tóftin er fornleg, sigin og sker sig lítið úr nánasta umhverfi. Ekki er vitað frá hvaða tíma tóftin er en hún er líklega eldri en býlið í eyjunni. Tóftin er mun fornlegri en minjarnar um það. Tóft 272b:013, er suðaustast í svokölluðum Bröttum, nokkuð sunnan við vörðu 272b:012.

Þessi tóft er lítil og grjóthlaðin. Hún er á lágum hraunhól og líkist einna helst skothúsi. Það er lítil gjóta í norðvesturhorni hennar og ekkert annað op þar inn. Tóftin er ekki fornleg ásýndar en hafa ber í huga að hún er gerð á milli kletta og lítið um gróður þar.

Í báðum eyjunum voru skráðar minjar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og allt fram til okkar daga. Minjastaðirnir eru fjölbreyttir en flestir tengjast þeir samgöngum og útbeit ásamt þinghaldi. Báðir þingstaðirnir eru afar merkilegir í sögulegu samhengi og ekki síður þegar horft er til minjanna sjálfra. Það eru ekki margir aðrir þingstaðir á landinu sem hafa varðveist jafn vel. Því má auðveldlega halda fram að Skuldaþing sé þar í sérflokk. Hin stutta vegalengd á milli þinganna er áhugaverð og ótal rannsóknarefni sem þarna má finna ásamt og kynningarmöguleikum.

## Heimildir

Adolf Friðriksson et. al. 2004. *Þingstaðarannsóknir 2004*. FS275:02142. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson et. al. 2005. *Þingvellir og þinghald að fornu. Framvinduskýrsla 2005*. FS294:02143. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson et. al. 2007. *Fornleifarannsóknir í S-Þingeyjarsýslu 2006. Samantekt um vettvangsrannsóknir í Skuldabíngsey, Þegjandadal, á Litlu-Núpum, og Fljótsheiði*. FS331. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Ágúst Ó. Georgsson (ritstjóri). 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

Bruun, Daniel. 1897. *Fortidsminder og nutidshjem paa Island: Orienterende Undersøgelser foretagne i 1896*, Kaupmannahöfn.

Bruun, Daniel. 1987. *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. Þór Magnússon (e.d). Reykjavík, Örn og Örlygur.

Brynjúlfur Jónsson. 1906. „Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*. Bls. 1-19.

**BBSÞ:** Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985. 1986. Helgi Jónsson et. al. (ritstjórar). Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavík.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976*. Bruun, Daniel. 1928. *Fortidsminder og nutidshjem paa Island*. Kaupmannahöfn, Gyldendalske boghandel nordisk forlag.

Fornleifastofnun Íslands. 2016. ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar.

**JÁM XI:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín. Þingeyjarsýsla*. XI bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

Jóhann Skaptason. 1978. *Árbók Ferðafélags Íslands 1978. Suður-Þingeyjarsýsla, austan Skjálfandafljóts*. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.

Jón Sigurðsson. 1954. *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*. Ritsafn Þingeyinga II. Reykjavík, Helgafell.

Kálund, P.E. Kristian. 1986. *Íslenskir sögustaðir III. Norðlendingaffórðungur*. Reykjavík, Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Kristján Eldjárn. 1983. Arngrímur málarí. Iðunn, Reykjavík.

*Lög um menningarminjar nr. 80/2012*. <http://www.althingi.is/altxt/stjt/2012.080.html>



Orri Vésteinsson, Árni Einarsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2004. „A new assembly site in Skuldaþingsey, NE-Iceland“. Current Issues in Nordic Archaeology: Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists, 6-9 september 2001, Akureyri, Iceland. Garðar Guðmundsson (ed.). Society of Icelandic Archaeologists: Reykjavík.

**SSÞ:** Þingeyjarsýslur. *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. Reykjavík, 1994.

Þekkingarnet Þingeyinga. 2012. *Þingey í Skjálfafljóti. Tækifæri og framtíð?* Óli Halldórsson (ed.). Slóðin er: [http://www.hac.is/wp-content/uploads/2013/06/%C3%9Eingey15\\_805790017.pdf](http://www.hac.is/wp-content/uploads/2013/06/%C3%9Eingey15_805790017.pdf)

Óútgefnar heimildir:

Dögg Matthíasdóttir. 1995. *Þingey*. Óútgefin skýsla. Slóðin er: [www.thingeyjarsveit.is/files/Skra\\_0009419.doc](http://www.thingeyjarsveit.is/files/Skra_0009419.doc)

Loftmyndir sem Þekkingarnet Þingeyinga lagði til. Loftmyndir ehf.

Ö-Fossel. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þingey. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

## Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93



SAMTALA	X	Y			
<b>SP-268008 1</b>	568659.623	587197.516	<b>SP-272B001 13</b>	568985.672	585695.661
<b>SP-268008 10</b>	568616.085	587348.617	<b>SP-272B001 14</b>	568984.291	585664.787
<b>SP-268008 11</b>	568572.663	587359.854	<b>SP-272B001 15</b>	568922.608	585567.698
<b>SP-268008 12</b>	568605.792	587367.333	<b>SP-272B001 17</b>	569048.684	585583.173
<b>SP-268008 13</b>	568627.632	587373.759	<b>SP-272B001 17B</b>	569044.508	585581.026
<b>SP-268008 14</b>	568553.928	587378.931	<b>SP-272B001 18</b>	568927.350	585584.826
<b>SP-268008 15</b>	568579.221	587392.469	<b>SP-272B001 19</b>	568919.495	585510.260
<b>SP-268008 16</b>	568594.069	587398.065	<b>SP-272B001 2</b>	569106.118	585548.605
<b>SP-268008 17</b>	568625.737	587397.389	<b>SP-272B001 20</b>	568946.800	585506.394
<b>SP-268008 18</b>	568545.806	587396.922	<b>SP-272B001 3</b>	569116.766	585574.690
<b>SP-268008 19</b>	568538.362	587417.266	<b>SP-272B001 4</b>	569014.320	585572.846
<b>SP-268008 2</b>	568658.370	587232.843	<b>SP-272B001 5</b>	568999.091	585529.151
<b>SP-268008 20</b>	568553.731	587238.394	<b>SP-272B001 6</b>	568997.011	585512.433
<b>SP-268008 21</b>	568581.070	587248.634	<b>SP-272B001 8</b>	568997.238	585599.840
<b>SP-268008 22</b>	568554.757	587268.531	<b>SP-272B001 9</b>	568961.606	585584.024
<b>SP-268008 23</b>	568571.284	587271.045	<b>SP-272B002</b>	569108.680	584891.407
<b>SP-268008 24</b>	568565.006	587298.223	<b>SP-272B004</b>	568256.450	587301.411
<b>SP-268008 25</b>	568539.277	587275.971	<b>SP-272B005A</b>	567952.307	583530.293
<b>SP-268008 26</b>	568496.604	587280.654	<b>SP-272B006</b>	567882.336	581831.556
<b>SP-268008 27</b>	568536.253	587310.920	<b>SP-272B0061</b>	568019.988	581965.045
<b>SP-268008 28</b>	568553.197	587326.606	<b>SP-272B007</b>	568721.109	586772.901
<b>SP-268008 29</b>	568503.401	587334.234	<b>SP-272B007B</b>	568310.380	587112.374
<b>SP-268008 3</b>	568645.718	587252.503	<b>SP-272B008</b>	568262.885	587310.266
<b>SP-268008 30</b>	568525.606	587348.484	<b>SP-272B009</b>	569058.378	585237.619
<b>SP-268008 4</b>	568632.718	587205.572	<b>SP-272B010</b>	568702.284	585392.562
<b>SP-268008 5</b>	568623.853	587247.077	<b>SP-272B011</b>	569031.401	584752.894
<b>SP-268008 6</b>	568600.203	587231.904	<b>SP-272B012</b>	568658.781	586479.421
<b>SP-268008 7</b>	568621.743	587283.945	<b>SP-272B013</b>	568676.311	586205.906
<b>SP-268008 8</b>	568617.056	587317.406	<b>SP-272B014</b>	568522.965	585554.365
<b>SP-268008 9</b>	568602.021	587333.111	<b>SP-272B015</b>	568352.742	586347.037
<b>SP-268012A</b>	569163.109	586766.261	<b>SP-272B016</b>	568437.960	586090.294
<b>SP-268012B</b>	569157.661	586783.183	<b>SP-272B017</b>	568358.146	585912.184
<b>SP-268013</b>	568973.238	587259.288	<b>SP-272B018</b>	567981.208	585895.281
<b>SP-268014</b>	568695.325	587674.304	<b>SP-272B019</b>	568277.649	585807.448
<b>SP-268015</b>	569249.318	586768.443	<b>SP-272B020</b>	567793.781	584456.999
<b>SP-268016</b>	569209.989	586927.528	<b>SP-272B021A</b>	568058.531	583718.937
<b>SP-272B001</b>	569038.640	585615.383	<b>SP-272B021B</b>	568054.523	583711.812
<b>SP-272B001 1</b>	569044.195	585562.077	<b>SP-272B021C</b>	568037.795	583687.665
<b>SP-272B001 10</b>	568963.817	585617.527	<b>SP-272B021D</b>	568055.879	583663.885
<b>SP-272B001 11</b>	568934.611	585623.469	<b>SP-272B021E</b>	568049.062	583645.542
<b>SP-272B001 12</b>	568976.478	585664.189	<b>SP-272B021F</b>	568113.062	583664.89
			<b>SP-272B022</b>	567833.575	583953.905

## Viðauki II: Minjakort

Loftmyndirnar hér að aftan sýna afstöðu fornleifa á báðum eyjunum. Hver loftmynd er merkt ákveðinni eyju og ef um fleiri en eina loftmynd af sömu jörð er að ræða er þess getið. Á hverri loftmynd eru eingöngu hnit á þeirri eyju auðkennd með númeri. Hnit er sýnt með rauðum punkti og kennitala staðarins með hvítu lettri. Loftmyndirnar eru frá Loftmyndum ehf.



# Yfirlit af skráningarsvæðinu





# Skuldapingsey Kort 1



268014

268008 19

268008 18

268008 14

268008 30

268008 29

268008 27

268008 26

268008 22

268008 5

268008 6

268008 1

268008 2

268008 3

268008 4

268008 7

268008 8

268008 9

268008 10

268008 13


268008 17

268008 18

268013



100 0 100 200 300 400 m





# Skuldapingsey Kort 2



268014

- 268008 19
- 268008 18
- 268008 14
- 268008 30
- 268008 27
- 268008 26
- 268008 22
- 268008 6
- 268008 17
- 268008 13
- 268008 10
- 268008 8
- 268008 7
- 268008 3
- 268008 2
- 268008 1

268013

268016


268012B  
268012A

268015

1





100 0 100 200 300 400 m





# Skuldaping 268:008





# Pingey Kort 1

272B004 272B008

272B007b

272B007

272B012

272B015

272B013



272B016

272B018

272B017

272B019



100 0 100 200 300 400 m



272B014



# pingey Kort 2





# Pingey Kort 3



272B011

272B020


272B022

272B021A  
272B021C  
272B021E  
272B021F

272B005A

272B003

272B006






100 0 100 200 300 400 m





# Þingey



-  Þingminjar
-  19. aldar býli
-  Aðar óskilgreindar minjar

272B001 19

272B001 20

272B001 6

272B001 5

272B001 15

272B001 18

272B001 9

272B001 10

272B001 8

272B001 11

272B001 12

272B001 14

272B001 13

272B001 4

272B001 1

272B001 17

272B001 2

272B001 3

Þinghóll

